

Sp.

1016. Skýrsla

iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja, stofnana, hlutafélaga með ríkisaðild og sjóða er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytisins, árið 1984.

FORMÁLI

Skýrsla sú, sem hér er lögð fram, er hin þriðja í röðinni. Í fyrravor var sams konar skýrsla lögð fram. Hafa þessar skýrslur veitt upplýsingar, sem stuðlað hafa að betri skilningi og meiri þekkingu innan Alþingis sem utan, á starfsemi hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana sem undir Iðnaðarráðuneytið heyra.

Það nýmáli var tekið upp við skýrslu þessa, að til viðbótar fyrirtækjum og hlutafélögum með ríkisaðild voru einnig teknar með stofnanir og sjóðir sem undir Iðnaðarráðuneytið heyra.

Lögum samkvæmt fer iðnaðarráðherra með málefni ríkisfyrirtækja, stofnana, sjóða og flestra hlutafélaga með ríkisaðild á sviði iðnaðar- og orkumála. Í skýrslu þessari er Alþingi gerð grein fyrir starfsemi þessara aðila, afkomu þeirra, fjárhagsstöðu og rekstrarhorfum. Þegar á heildina er litið var rekstur þeirra arðvænlegri árið 1984 en var 1983 og horfur í rekstri nær allra nokkuð góðar á þessu ári.

Það hefur verið stefna iðnaðarráðherra að breyta fyrirtækjum sem undir Iðnaðarráðuneytið heyra í hlutafélög með eða án ríkisaðildar.

Nokkuð hefur borið á því að menn misskilji, vegna skorts á upplýsingum helztu ástæður þeirra breytinga, og skulu þar því nefndar hér.

Helzta röksemd fyrir slíkum breytingum er sú, að reynslan hefur sýnt að þannig hefur hagkæmnin orðið meiri, bæði fyrir eigendur þessara fyrirtækja og neytendur þeirra vöru og þjónustu sem þau hafa skapað. Slíkar breytingar hafa því í raun stuðlað að aukinni verðmætasköpun í þjóðfélaginu.

Telja verður því rökrétt og eðlilegt að velja hlutafélagiformið um atvinnurekstur á vegum ríkisins.

Hlutafélagiformið er ennfremur bæði viðurkennt og vel þekkt félagiform, sem löggjafinn hefur sett mjög ítarlegar reglur um. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar.

Kosturinn við hlutafélagiformið er ennfremur sá að félögum er settur sami almenni starfsrammi og flestum atvinnufyrirtækjum í landinu, þ.e. rammi hlutafélagalaga.

Þess ber einnig að geta, að stjórn hlutafélags ber ábyrgð á starfsemi þess og getur ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð við hinar ýmsu aðstæður sem upp kunna að koma og stendur því og fellur með gerðum sínum.

Sú hætta er hins vegar alltaf fyrir hendi hjá ríkisfyrirtækjum að treyst sé á framlög ríkisins hvernig sem reksturinn gengur og því ekki tekizt á við þau vandamál sem upp kunna að koma með þeirri ábyrgð sem fylgir hlutafélögum. Einnig er á það að líta að stjórnendur ríkisfyrirtækja njóta ekki á sama hátt og stjórnendur hlutafélaga hvatningar og félagslegrar umbunar þegar vel gengur.

Hvað stjórnunarmál almennt varða, virðast ríkisfyrirtæki ekki hafa þann sveigjanleika sem hlutafélagiformið býður upp á, sem er hins vegar nauðsynlegur í flóknum og margbreytilegum nútímasamfélagi, sem er í örri þróun. Þannig virðast stjórnunarmál innan ríkisfyrirtækja vera það fastskorðuð, og ósveigjanleg að veruleg hætta er á stöðum og óhagkvæmni af þeim sökum. Það skal hins vegar tekið fram, að ekki er við starfsmenn fyrirtækjanna að sakast, heldur kerfið sem slíkt.

Þá er einnig ljóst að töluverður munur er hvað varðar skipulag bókhalds og reikningsskila hjá hlutafélögum og ríkisstofnunum, þótt helztu grundvallaratriði séu þau sömu.

Allar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem eru á fjárlögum og gerð eru upp með ríkisreikningi nota bókhaldskerfi

ríkisbókhalds, en hlutafélagum er aftur settur rammi með hlutafélagalögunum og hafa sjálfstætt bókhaldskerfi og óháða utanaðkomandi endurskoðendur hvort sem þau eru í ríkiseign eða ekki.

Þessi miðstýring bókhalds hjá ríkinu er mikill ókostur hvað varðar upplýsingagildi til stjórnenda fyrirtækja og stofnana. Stofnanir sem starfa á ólíkum sviðum krefjast mismunandi skipulags og framkvæmdar á bókfærslu sem kerfi ríkisbókhalds stendur ekki undir. Þannig verður ekki tekið nægjanlegt tillit til séreinkenna fyrirtækja og þeirrar nauðsynjar sem kann að vera á sérstökum upplýsingum.

Þó er þess að geta að helzti kostur bókhaldskerfis ríkisins er hins vegar sá, að gerð ríkisreiknings er eitthvað auðveldari og eins samanburður milli fyrirtækja.

Aðalatriðið er þó að bókhaldskerfið sé skýrt og greinilegt og úr því verður að vera hægt að vinna fljótt og örugglega þær upplýsingar sem það á að láta í té. Í því þarf að felast sjálfkrafa eftirlit og hægt verður að vera að laga það að breyttum starfsháttum innan fyrirtækisins.

Þessi ósveigjanleiki bókhaldskerfisins í ríkisfyrirtækjum hefur skapað óánægju stjórnenda þeirra sem eðlilegt er. Breyting ríkisfyrirtækis í hlutafélag er því mjög til bóta einnig frá bókhaldslegu sjónarmiði.

Þá er ljóst að með slíkri formbreytingu sem breyting úr ríkisfyrirtæki í hlutafélag er fengi stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins aukið aðhald og reyndar æskilegan vettvang til þess að gera grein fyrir gerðum sínum á aðalfundum og hluthafafundum, þar sem gagnrýni, tillögur og nýmæli um bætt starfshætti gætu komið fram. Slíkir starfshættir auka yfirsýn, veita upplýsingar og tryggja öruggari stjórn á málum fyrirtækja og stofnana. Þeir efla kynni meðal hinna ýmsu aðila innan stofnana og fyrirtækja, og þeirra sem utan þeirra standa en eru

tengdir þeim á einn eða annan hátt, einnig alls almennings.

Læra verður af dómi reynslunnar, hvort sem er af þróun mála af innlendum vettvangi eða erlendum, og nýta sér þau vinnubrögð sem mestum árangri hafa skilað.

Þannig mun okkur einungis takast að auka þau verðmæti sem til skiptanna koma í framtíð.

Iðnaðarráðuneytið

Maí 1985

HITAVEITA SUÐURNESJA

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá 31. desember 1974.

Eignaraðild hitaveitunnar er þannig, að 7 sveitarfélög á Suðurnesjum eiga samtals 60%, og er skipting þeirra innbýrðis eftir höfðatölu sveitarfélaganna hinn 1. desember 1974. Eignarhluti ríkisins er 40%.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja 1984

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum auk Keflavíkurflugvallar. Einfalt dreifingarkerfi er í öllum sveitarfélögunum, en á svæði Keflavíkurflugvallar er tvöfalt lokað dreifikerfi, þ.e. vatnið kemur aftur til endurnýtingar.

Heildarvatnsmagn er selt var í lok ársins nam 28,158 lítrum á mínútu. Búast má við um 3% söluaukningu næstu árin, aðallega vegna fólksfjölgunar á svæðinu.

Lokið var á árinu við byggingu kaldavatsqeymis, en eftir er frágangur við lokahús, dælur o.fl. Á árinu var gerð umfangsmikil tilraun til "niðurdælingar" í Svartsenqi í samvinnu við Orkustofnun. Heildarkostnaður varð u.þ.b. 4,2 m.kr. og virðist árangurinn lofa góðu.

Heildarfjárfesting á árinu 1984 var 19,0 m.kr.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja batnaði nokkuð á árinu 1984. Þannig varð rekstrarhagnaður án fjármagnsujalda 136,87 m.kr. í stað 95,5 m.kr. á árinu 1983. Nettó fjármagnsþjöld voru 211,3 m.kr., þannig að tap á rekstri Hitaveitu Suðurnesja varð (74,5) m.kr.

Keflavíkurflugvöllur kaupir um það bil 55% af

heildarvatnsmagninu.

Tekjur af raforkusölu voru 37 m.kr. og var það góð búþót fyrir rekstur fyrirtækisins. Þtla má að raforkusala skili góðum arði á næstu árum, ef ekki kemur til óvæntra breytinga. Hábrýstigufa er notuð til að framleiða rafmagn í gufuhverfli 1. Nú eru þrír gufuhverflar í gangi og framleiða þeir samtals 8 MW. Orkuverið notar sjálft milli 1 og 2 MW. Önnur raforka, um 6 MW, er seld Landsvirkjun, sem aftur selur hana inn á dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins.

Vert er að geta þess, að nú hafa verið afskrifuð um 23,6% af heildarkostnaði eða um 460 m.kr. af 1.953 m.kr.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok:

	<u>1984 kr.</u>	<u>1983 kr.</u>
Rekstrartekjur	279.288.964	205.709.771
Rekstrargjöld	(142.480.900)	(110.156.023)
Nt.fjármagnstekjur (gjöld)	(211.259.600)	(192.991.223)
Hagnaður (Tap)	(74.451.636)	(97.437.475)
Eignir	1.907.257.051	1.472.092.900
Skuldir	1.834.699.352	1.349.629.995
Eigið fé	72.557.699	122.462.905

Starfslið hitaveitunnar í árslok 1984 var 37 manns og hafði fjölgað um 2 á árinu.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1985

Gert er ráð fyrir nokkurn veginn hallalausum rekstri á árinu 1985 að undanskildum afskriftum gengisjöfnunarreiknings.

Reiknað er með 40% hækkun tekna, en sú hækkun er að stórum hluta vegna samningsbundinnar hækkunar vatnsverðs til varnarliðsins. Gert er ráð fyrir 20% hækkun tekna af öðrum

notendum.

Áætlað er að leggja í framkvæmdir á árinu 1985 fyrir 35,4 m.kr., er skiptast í stórum dráttum þannig:

	<u>m.kr.</u>
Orkuver II - vélbún. o.fl.	4,8
Gufuöflun	2,5
Rannsóknir	1,5
Kaldavatnsöflun	4,2
Dreifikerfi til nýrra notenda	15,2
Birgðageymsla Njarðvík	5,5
Svæðisfrágangur o.fl.	1,7

Ef litið er lengra fram í tímann, er gert ráð fyrir, að greiðslustaða Hitaveitu Suðurnesja verði góð á árinu 1985, en árin 1986-1988 verði hún erfið, þar sem þá koma til af fullum þunga afborganir af lánum. Eftir það ætti að vera nokkuð bjart framundan í rekstri Hitaveitu Suðurnesja.

Með lögum um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja var í maí 1984 lagður grundvöllur að því að breyta hitaveitunni í almennt orkuveitufyrirtæki. Heimildir til þess, að hitaveitan standi að virkjun jarðvarma til raforkuframleiðslu, eru auknar, en háð því skilyrði, að áður hafi verið gerður samrekstrarsamningur við Landsvirkjun. Hinn 17. maí s.l. var undirritaður samningur milli iðnaðarráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands, með fyrirvara um samþykki hennar, og stjórnar Hitaveitu Suðurnesja um kaup hitaveitunnar á öllum eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum.

Jafnframt hefur náðst samkomulag um sameiningu allra rafveitna á Suðurnesjum og að Hitaveita Suðurnesja taki við þeim. Við það breytist eignaraðild ríkisins að hitaveitunni og verður væntanlega 20% í stað 40% áður.

Frá og með 1. júlí n.k. eða í síðasta lagi 1. janúar 1986 mun Hitaveita Suðurnesja sjá um alla raforkusölu á Suðurnesjum.

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins frá 30. marz 1984 til næstu þriggja ára eru Ólafur G. Einarsson, alþingismaður, skipaður af fjármálaráðherra, og Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður ráðherra, skipaður af iðnaðarráðherra.

Á aðalfundi hitaveitunnar, hinn 29. marz 1985, voru kjörnir til þess að sitja í stjórn Hitaveitu Suðurnesja auk framangreindra: Steinþór Júlíusson, bæjarstjóri, formaður, Albert K. Sanders, bæjarstjóri, og Finnbogi Björnsson, oddviti. Framkvæmdastjóri er Ingólfur Aðalsteinsson.

IÐNAÐARBANKI ÍSLANDS h.f.

Rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f. 1984

Heildarinnlán jukust um 55,5%, en innlánsaukning allra viðskiptabankanna á árinu 1984 varð að meðaltali 35,3%. Í árslok námu heildarinnlán bankans 1.797.932 þús.kr. Heildarútlán bankans í lok ársins 1984 voru 1.602.590 þús.kr. án útlána Veðdeildar. Útlán jukust um 50,9% á árinu.

Skipting lána milli atvinnuvega og einstaklinga hefur breytt lítið, en hlutur iðnaðar og byggingarverktaka er eftir sem áður langmestur, eða 42,4%.

Heildarútlán Veðdeildar námu í árslok 427.261 þús.kr. og er það 51,2% aukning frá fyrra ári. Lántökur Veðdeildar hjá lífeyrissjóðum námu 81.032 þús.kr. á árinu, samanborið við 91.382 þús.kr. árið áður og er það 11,3% samdráttur frá fyrra ári.

Lausafjárstaða bankans var neikvæð um 99.667 þús.kr. í lok ársins, samanborið við 46.077 þús.kr. neikvæða stöðu í upphafi

árs.

Heildarinnistæður umfram skuldir í Seðlabankanum námu 198.024 þús.kr. samanborið við 94.828 þús.kr. í árslok 1983.

Á árinu 1984 varð tap á rekstrinum 3.123 þús.kr., en árið 1983 var tekjuafgangur 18.249 þús.kr. Bankaráðið gerði þá tillögu á aðalfundi bankans, 12. apríl 1985, að tap verði jafnað sem hér segir:

	<u>Þús.kr.</u>
Lagt í varasjóð Veðdeildar	(8.943)
Fært til lækkunar óráðstöfuðu eigin fé	<u>12.066</u>
Samtals	<u>3.123</u>

Bankaráð gerði jafnframt þá tillögu, að greiddur verði 5% arður til hluthafa, 3.293 þús.kr., sem færður verður til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé. Arður til hluthafa er reiknaður af hlutafé bankans eins og það var í upphafi ársins 1984, að viðbættum jöfnunarhlutabréfum á árinu 1984.

Meðalfjöldi starfsfólks við bankastörf var 176 árið 1984, samanborið við 150 árið áður.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1984	1983
	<u>Þús.kr.</u>	<u>Þús.kr.</u>
Rekstrartekjur	541.322	651.815
Rekstrargjöld	(544.445)	(633.566)
Hagnaður (Tap)	(3.123)	18.249
Eignir	2.886.720	1.923.845
Skuldir	2.705.388	1.775.617
Eigið fé	181.333	148.228

Í ársbyrjun 1984 ákvað iðnaðarráðherra að gangast fyrir

því, að ríkissjóður seldi 27% eignarhlut sinn í Iðnaðarbanka Íslands h.f. Í maí 1984 var samþykkt á Alþingi lagaheimild til sölunnar. Var þá hluthöfum boðinn forkaupsréttur á hlutabréfum ríkissjóðs í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Það boð stóð til 1. júní 1984, en þá var almenningi gefinn kostur á að kaupa óseld hlutabréf. Hinn 25. júlí 1984 var lokið sölu á öllum hlutabréfum ríkissjóðs í bankanum.

ÍSLENZKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ H.F.

Félagið er hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982 og lög nr. 95 28. maí 1984, um breytingu á þeim lögum. Íslenzka ríkið hefur frá öndverðu átt 55% hlutafjárins en aðrir eigendur nú eru Elkem a/s í Osló með 30% eignarhlut og Sumitomo Corporation í Tokyo með 15%. Félagið var stofnsett hinn 28. apríl 1975 "til framleiðslu á kísiljárnri og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur" eins og segir í lögnum.

Framleiðslan er blendi af kísil (silisium, silicon) og járnri, þar sem hlutfall kísils getur verið mismunandi. Framleiðslan frá Grundartanga hefur um 75% kísilinnihald. Þetta efni er íblöndunarefni á lokastigi stálframleiðslu, en einnig er það notað við járnsteypu og lítillega til efnaíðnaðar.

Félagið starfar undir forystu sjö manna stjórnar, sem kosin er á aðalfundi til eins ár í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir fjóra stjórnarmenn og úr þeirra hópi stjórnarformann, en Elkem tilnefnir tvo og Sumitomo Corp. einn.

Starfsemi

Járnblendiverksmiðjan var reist á árunum 1977-1980. Framkvæmdir hófust að vísu strax eftir stofnun félagsins 1975,

en lögðust niður er þáverandi meðeigandi, Union Carbide Corporation í New York, dró sig út úr samstarfinu. Framleiðsla hófst vorið 1979, en síðari ofninn var tekinn í notkun haustið 1980.

Rekstur verksmiðjunnar hefur ævinlega gengið mjög vel frá tæknilegu sjónarmiði, en um fjárhagsafkomuna hefur gengið á ýmsu. Orkuskortur háði verksmiðjunni strax fyrsta veturinn, en sölutregða og lágt markaðsverð síðar, allt fram á árið 1983, en þá tók verulega að létta til í rekstri félagsins.

Þrátt fyrir batahorfurnar 1983 var nauðsynlegt að endurskipuleggja fjármál félagsins. Var það gert með því að breyta hluthafalánum í hlutafé og með því að auka hlutafé félagsins með yfirtöku skulda og beinum fjárframlögum eigenda. Loks seldi Elkem a/s þriðjung hlutafjár síns til Sumitomo Corporation, sem er kaupandi að kísiljárnni, og var samningur gerður við báða meðeigendur Íslenzka ríkisins um sölu á kísiljárnni frá Grundartanga, sem tryggir verksmiðjunni minnst 50.000 tonna sölu á ári.

Á árinu 1984 voru framleidd 60.976 tonn af kísiljárnni, sem er 22% aukning frá árinu á undan. Útflutningur var 63.454 tonn, 29% meira en árið á undan. Hvort tveggja, framleiðsla og sala, varð meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Reksturinn 1984

Mikil umskipti urðu til hins betra í afkomu Járblendifélagsins 1984. Í stað 113,5 m.kr. halla 1983, varð 132,2 m.kr. hagnaður árið 1984 eftir að reiknaðar höfðu verið afskriftir 165,3 m.kr. og fjármagnsgjöld 114,7 m.kr., sem að mestu leyti eru vaxtagjöld, en einnig nokkurt gengistap vegna hækkunar á gengi bandaríkjadals.

Sölutekjur félagsins voru 1225,8 m.kr. og hagnaður af rekstrinum nam því tæpum 11% af veltu.

Starfsmannafjöldi var að meðaltali 186 manns, 19 fleiri en 1983.

Helztu tölur úr ársreikningum félagsins eru þessar í millj.króna:

	<u>1984 m.kr.</u>	<u>1983 m.kr.</u>
Rekstrartekjur	1.119,9	588,2
Rekstrargjöld	(873,0)	(588,9)
Nettó fjármagnstekjur (gjöld)	(114,7)	(112,8)
Hagnaður (Tap)	132,2	(113,5)
Eignir	2.345,7	1.842,8
Skuldir	1.525,8	2.158,2
Eigið fé	819,9	(315,5)

Þróun 1985 og horfur

Batinn, sem hófst í rekstri Járblendifélagsins 1983, hélt áfram allt árið 1984, en nú eru merki um að góðærið sé í hámarki að þessu sinni. Spáð er svipaðri eftirspurn eftir kísiljárnri 1985 eins og 1984, en framleiðslugetan í heild hefur aukizt og þar með framboðið. Sölusamningar félagsins við Elkem og Sumitomo Corporation tryggja þó sölu, sem nemur áætlaðri afkastagetu verksmiðjunnar, og það ásamt endurfjármögnun á síðasta ári gerir félaginu kleift að standa af sér öldudali af því tagi, sem vænta má í þessum atvinnurekstri.

Stjórn

Stjórnarmenn tilnefndir af iðnaðarráðherra á aðalfundi í marz 1985 eru Barði Friðriksson, hrl., formaður, Páll Bergþórsson, veðurfræðingur, varaformaður, Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri, og Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur. Elkem a/s tilnefndi tvo stjórnarmenn, Frank

Myhre og Gunnar Viken, og Sumitomo Corporation einn, Kiyotomo Sakuma. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Sigurðsson.

JARÐBORANIR RÍKISINS

Jarðboranir ríkisins voru stofnaðar 1945 og var fyrirtækið framan af rekið sem deild innan embættis raforkumálastjóra eða allt til ársins 1967 þegar orkulögum var breytt.

Árið 1958 var gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar keyptur samkvæmt sérstökum sameignarsamningi þessara aðila um jafna eignaraðild og jafnframt var skipuð sérstök borstjórn. Hún gerði síðan samning við Jarðboranir ríkisins um rekstur borsins.

Í VII. kafla orkulaga nr. 58/1967 er kveðið á um, að Jarðboranir ríkisins skuli reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, og er iðnaðarráðherra heimilt að fela Orkustofnun eða öðrum aðila, ef hann telur betur henta, að annast reksturinn. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra, sem er ábyrgur fyrir rekstri beggja fyrirtækjanna undir yfirstjórn stjórnar gufuborsins og orkumálastjóra.

Rekstur 1984

Á árinu 1984 voru starfræktir fimm snúningsborar, þrjár höggborar og fimm kjarnaborar auk ýmissa tækja tengdra borunum. Mikið var unnið að þjálfun starfsmanna og útvegum tækja vegna þróunar nýrrar bortækni við loftboranir og eignaðist fyrirtækið m.a. stærstu loftpressu landsins til þeirra nota.

Boranir á árinu skiptust þannig:

a) heitt vatn fyrir hitaveitur	7	holur
b) gufa á háhitasvæðum	3	"
c) heitt vatn til fiskeldis	5	"
d) heitt vatn fyrir bændur	6	"
e) kalt vatn fyrir sveitarfélög	20	"
f) viðgerð á háhitaholum	4	"
g) rannsóknarborun vegna jarðhita	10	"
h) rannsóknarborun vegna mannvirkjagerðar	50	"

Helztu viðskiptavinir Jarðborana voru hitaveitur, sveitarfélög, bændur og aðrir einstaklingar, verksmíðjur og raforkuver. Miðað við árið 1983 varð 20% samdráttur í umfangi verkefna á árinu 1984 og gætir þar þverrandi fjármagns í Orkusjóði. Þrátt fyrir samdráttinn varð hagnaður af rekstrinum um tíundi hluti af tekjum og er það svipað hlutfall og árið 1983. Tókst að halda í horfinu með aðhaldsaðgerðum og minniháttar skipulagsbreytingum. Verði frekari samdráttur í borunum eru breytingar á rekstrinum óhjákvæmilegar, annaðhvort með niðurskurði eða öflun verkefna erlendis.

Fastráðnir starfsmenn við stjórnun voru 9 á árinu, 6 menn unnu að staðaldri í áhaldahúsunum við birgða- og tækjavörzlu og viðhald bora og tækja. Í áhöfn boranna voru 66 menn, þegar flestir voru. Heildarvinnustundafjöldi á árinu var 170.700 klst., hjá fastráðnum mánaðarkaupsmönnum samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna 27.100 klst. og hjá öðrum starfsmönnum 143.600 klst. Seldar vinnustundir í borverkum voru 102.300 klst. Heildarlaunagreiðslur voru 26,2 m.kr.

Iðnaðarráðherra skipaði í júní 1984 nefnd til þess að gera tillögur um breytta skipan í rekstri Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og var það álit nefndarinnar að fyrirtækin tvö skuli sameinuð og stofnað hlutafélag um reksturinn með jafnri eignaraðild ríkisins og

Reykjavíkurborgar við stofnun þess. Ljóst er að með slíkri formbreytingu fær stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins aukið aðhald en jafnframt meiri sveigjanleika, auk þess sem ábyrgðir fyrirtækisins takmarkast við hlutaféð, en sú takmörkun er nauðsynleg ef fyrirtækið á að hasla sér völl á erlendum vettvangi.

Borgarstjórinn í Reykjavík og iðnaðarráðherra undirrituðu, 8. maí 1985, samning milli ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórnar Reykjavíkur um sameiningu Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins. Fyrirvari var gerður um samþykki Alþingis og borgarstjórnar Reykjavíkur. Samkvæmt samningum skal stofnað hlutafélag um reksturinn og er gert ráð fyrir að eignaraðild aðilana verði við stofnun félagsins jöfn. Þá er gert ráð fyrir að hvor aðili um sig hafi heimild til að selja eignarhlut sinn í félaginu.

Jarðboranir hafa ekki geta greitt af láni því sem tekið var vegna kaupa á jarðborinum Jötni en sá bor var sérstaklega leigður til landsins vegna Kröfluvirkjunar. Lánið er nú allt gjaldfallið og hefur Ríkisábyrgðarsjóður orðið að greiða það. Skuld fyrirtækisins við ríkissjóð er nú 98 m.kr. án dráttarvaxta.

Staða Jarðborana ríkisins (JBR) og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkur (GRR) er:

	JBR		GRR	
	þús.kr.		þús.kr.	
	<u>1984</u>	<u>1983</u>	<u>1984</u>	<u>1983</u>
Rekstrartekjur	73.515	70.665	37.441	30.377
Rekstrargjöld 1)	(65.679)	(60.516)	(31.255)	(23.261)
Fjármagnsgjöld 2)	(103)	(2.578)	(288)	(815)
Hagnaður (Tap)	7.733	7.571	5.898	6.301

1) Þ.m.t. afskriftir.

2) Verðbreytingarfærsla hefur ekki verið reiknuð.

Framkvæmdastjóri frá 1. marz 1983 er Karl Ragnars verkfræðingur.

JARÐVARMVEITUR RÍKISINS

Uppruna Jarðvarmaveitna ríkisins (JVR) er að rekja til laga um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn nr. 80/1966, en þar segir m.a. að ríkisstjórninni sé heimilt "að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m.a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns".

Með bréfi, dags. 26. september 1967, fól iðnaðarráðherra Orkustofnun á grundvelli fyrrgreindra laga að annast byggingu og rekstur jarðhitaveitunnar. Fyrirtæki þetta gengur undir nafninu Jarðvarmaveitur ríkisins og er B-hlutafyrirtæki á fjárlögum.

Orkustofnun annast rekstur fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur sjálft enga starfsmenn heldur kaupir alla þjónustu af Jarðhitadeild Orkustofnunar og af öðrum aðilum.

Meginverkefni Jarðvarmaveitna ríkisins er framkvæmd ákvæðis í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Kísiliðjunnar h.f. um sölu jarðgufu til kísilgúrvinnslu. Í þessu skyni á fyrirtækið borholur í Bjarnarflagi á Námafjallssvæði og rekur þar gufuveitu. Jarðvarmaveitur ríkisins selja einnig gufu til gufuaflostöðvar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. Auk þessa annast Jarðvarmaveitur ríkisins varma- og vatnsöflun fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga, í samræmi við samning ríkisins við landeigendur jarðanna Reykjahlíðar og Voga.

Rekstur 1984

Jarðvarmaveiturnar seldu Kísiliðjunni 278 þús. tonn af gufu á árinu, þar af 230 þús. tonn á meðaleiningarverðinu 25,61

kr/tonn en afganginn með 25% afslætti skv. ákvæðum í sölusamningi, þannig að meðalverðið miðað við heildarsölu var 24,67 kr/tonn.

Bókfærðar tekjur af gufusölu til Kísiliðjunnar námu 7,2 m.kr. og nýtanlegur varmi 156 GWh, þannig að meðalverð varmans var 4,62 aurar á kWh á árinu 1984.

Gufusalan til Landsvirkjunar á árinu var 142 þús. tonn og samsvaraði það 6,9 GWh raforkuframleiðslu í stöðinni. Tekjur af þessari gufusölu námu 3,8 m.kr., þannig að meðalverð gufunnar var 0,55 kr. á hverja kWh raforku. Rafstöð Landsvirkjunar var starfrækt mánuðina janúar til marz.

Á árinu 1984 sáu Jarðvarmaveitur ríkisins um framkvæmdir á vegum Iðnaðarráðuneytisins við endurbyggingu Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga við Mývatn. Lokið var við lagnir og byggingar, þ.e. hús fyrir varmaskiptistöð ásamt utanhúss frágangi. Á árinu 1985 verður framkvæmdum að fullu lokið.

Halli á rekstri Jarðvarmaveitna ríkisins hefur á undanförunum árum verið mjög mikill, og ljóst er að mikið vantar upp á að rekstur fyrirtækisins standi undir vöxtum og afborgunum af fjárfestingu heirri, er ráðizt hefur verið í. Stafar þetta af umbrotum í Bjarnarflagi, en eftir það drógust sölutekjur fyrirtækisins verulega saman, jafnframt því að allar borholur eyðilögðust og bora þurfti nýjar í þeirra stað.

Í tengslum við úttekt Rekstrarstofunnar á Kísiliðjunni hefur ráðgjafarfyirtækið lagt til, að Landsvirkjun yfirtaki rekstur Jarðvarmaveitnanna í Bjarnarflagi.

Nú er í gangi samningaviðræður milli Iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar um að Landsvirkjun kaupi eignir Jarðvarmaveitnanna í Bjarnarflagi.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	<u>1984 kr.</u>	<u>1983 kr.</u>
Rekstrartekjur	11.763.000	10.982.000
Rekstrargjöld	(3.194.000)	(4.677.000)
Fjármagnsgjöld	(11.374.000)	(10.504.000)
Hagnaður (Tap)	(2.805.000)	(4.199.000)
Eignir	69.199.000	63.379.000
Skuldir	134.237.000	111.047.000
Eigið fé (neikvætt)	(65.038.000)	(47.668.000)

KÍSILIÐJAN H.F., VIÐ MÝVATN

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966 ásamt síðari breytingum.

Eignarhlutdeild í Kísiliðjunni er nú þannig:

Ríkissjóður 59,8%
Manville International 39,8%
Aðrir (sveitarfélög norðanlands) 0,4%

Alþingi kýs fulltrúa ríkisins í stjórn Kísiliðjunnar h.f., þ.e. 3 af 5 stjórnarmönnum, en Manville International tilnefnir tvo stjórnarmenn.

Á fundi sameinaðs Alþingis 14. marz 1983 voru kjörnir þrír fulltrúar ríkisins og jafnmargir varamenn í stjórn Kísiliðjunnar h.f. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1983 til jafnlengdar 1987. Stjórnarmenn ríkisins eru Sigurður R. Ragnarsson, vélavörður, formaður, Jón Illugason, bóndi, og Lárus Jónsson, bankastjóri.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi samstarfsaðili stofnað sölufélagið Manville h.f. á Húsavík.

Iðnaðarráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn þess félags.

Framleiðsla og sala

Árið 1984 var Kísiliðjunni h.f. einkar hagstætt. Framleidd voru 27.265 tonn af fullunnum kísilgúr, sem er mesta magn sem framleitt hefur verið á einu ári. Þegar verksmiðja Kísiliðjunnar h.f. var reist var gert ráð fyrir að framleiða mætti 22-24.000 tonn á ári með núverandi tækjakosti. Framleiðsla s.l. árs var því vel yfir því marki. Þennan góða árangur má þakka stöðugri viðleitni starfsmanna við að auka afköst og framleiðni verksmiðjunnar.

Á árinu 1984 voru markaðsaðstæður fyrir kísilgúr góðar í Evrópu. Helsta ástæða þess var að vegna hækkandi gengis á bandaríkjadollar hefur útflutningur kísilgúrs frá Bandaríkjunum til Evrópu dregið saman. Alls voru flutt út frá Kísiliðjunni h.f. 27.005 tonn af kísilgúr. Innanlands voru seld 27 tonn.

Rekstur

Á árinu 1984 námu rekstrartekjur Kísiliðjunnar h.f. að frádregnum útflutningskostnaði 155,3 m.kr. Nettó hagnaður eftir afskriftir, vexti og tekjuskatt nam 10,5 m.kr. Af eignum voru 13,2 m.kr. afskrifaðar og afskrifaður gengismunur af erlendum lánum nam 5,4 m.kr. Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga námu 1,4 m.kr.

Afkoma fyrirtækisins á áriu 1984 var til muna betri en á undangengnum árum. Ástæður þess eru fyrst og fremst hve vel tókst til með framleiðslu og sölu á afurðum fyrirtækisins.

Fjárfestingar voru ekki miklar á árinu 1984. Lokið var við byggingu húss fyrir búningssklefa, böð og kaffistofu starfsmanna. Nokkuð var um endurnýjun á eldri tækjum í verksmiðjunni og umfangsmiklar lagfæringar voru gerðar á skrifstofuhúsi og vöruskemmu.

Rekstrarfjárstaða fyrirtækisins batnaði til muna á árinu og 7,6 m.kr. voru greiddar af lánum til lengri tíma. Engin ný lán voru tekin á árinu 1984.

	<u>1984 kr.</u>	<u>1983 kr.</u>	<u>1982 kr.</u>
Rekstrartekjur	247.128.458	183.384.000	94.876.000
Rekstrargjöld	(231.842.276)	(176.724.000)	(97.207.000)
Fjármagnsgjöld	(4.733.950)	(6.405.000)	(6.204.000)
Hagnaður (tap)	10.552.232	256.000	(8.535.000)
Eignir	209.950.126	170.695.000	101.011.000
Skuldir	33.136.555	39.581.000	24.837.000
Eigið fé	176.813.571	131.114.000	76.174.000

Stjórn og starfslið

Fjöldi fastra starfsmanna var óbreyttur frá fyrra ári, þ.e. 71 yfir vetrarmánuðina og 78 á þeim tíma, sem dæling hráefnis úr Mývatni stendur yfir. Auk þessa er nokkuð um að fólk sé ráðið til starfa tímabundið vegna sumarafleysinga eða skammtíma verkefna þannig að tryggingarskyldar vinnuvikur starfsmanna félagsins svöruðu til þess að meðalfjöldi starfsmanna væri 83. Engin breyting varð á stjórn fyrirtækisins á árinu.

Heildarfjárhæð launa til starfsmanna og stjórnar á árinu var 31 m.kr.

Önnur mál

Á fyrra hluta ársins 1984 fól Iðnaðarráðuneytið Rekstrarstofunni í Kópavogi að gera athugun á rekstri Kísiliðjunnar h.f. MeGINNIÐURSTAÐA athugunarinnar var að á heildina litið sé rekstur Kísiliðjunnar h.f. góður. Jafnframt var á það bent í skýrslunni að raforkukostnaður hjá fyrirtækinu hafi hækkað óeðlilega mikið á undanförunum árum, miðað við

almenna verðlagsþróun í landinu. Þetta var Kísiliðjunni h.f. löngu ljóst og hefur verið leitað eftir því allt frá árinu 1981 að fá raforkuverð lækkað. Vorið 1984 fékkst nokkur breyting hér á, þar sem raforka til dælingar á hráefni úr Mývatni fékkst keypt samkvæmt svokölluðum sumartaxta. Við það lækkuðu heildarútgjöld fyrirtækisins til raforkukaupa um 13%.

Frá því á árinu 1980 hefur allur kísilgúr verið fluttur út á vörupöllum. Til þess að auka hagkvæmni í flutningum og að bæta vörumeðferð var ákveðið á fyrri hluta ársins 1984 að stefna að því að flytja allan kísilgúr út í vörugámum. Aðstaður til að meðhöndla gáma voru ekki fyrir hendi í Húsavíkurhöfn en á s.l. hausti stóð Húsavíkurbær fyrir því að stórbæta þá aðstöðu. Í árslok 1984 voru 30% af öllum kísilgúr flutt út í vörugámum og stefnt er að því að það hlutfall verði komið í 50-60% fyrir árslok 1985 og 100% í árslok 1986.

Á árinu 1982 var sameignarsamningurinn við Manville International framlengdur frá 13. ágúst 1986 til 13. ágúst 1996.

Námaleyfi til handa Kísiliðjunni h.f. var upphaflega gefið út þann 13. ágúst 1966 og gildir til 20 ára frá útgáfu þess.

Leyfið felur í sér heimild til að vinna hráefni frá kísilgúrnámunni á botni Mývatns.

Á fundi stjórnar Kísiliðjunnar h.f. þann 21. júní 1984 var samþykkt að óska eftir því við Iðnaðarráðuneytið að það endurnýjaði ofnagreiðt leyfi brátt fyrir að gildistími þess væri ekki útrunninn fyrr en í ágúst árið 1986.

Iðnaðarráðuneytið leitaði eftir umsögn Náttúruverndarráðs um endurnýjun leyfisins. Náttúruverndarráð lagði til að leyfið yrði einungis framlengt í 5 ár og beðið yrði með frekari framlengingu þar til niðurstöður rannsókna um áhrif námavinnslunnar á lífríki Mývatns lögju fyrir. Þann 30. janúar

1985 gaf Iðnaðarráðherra síðan út leyfi til handa Kísiliðjunni h.f. til að stunda námavinnslu á Mývatni í 15 ár, frá 13. ágúst 1986 að telja. Leyfisveiting til skemmri tíma hefði veikt mjög stöðu Kísiliðjunnar h.f. Má þar til dæmis nefna að starfsmenn fyrirtækisins byggju þá við mikið öryggisleysi um framtíð sína, og hætt er við stöðnun fjárfestingarákvarðana. Ennfremur er þá hætt við að viðskiptavinir fyrirtækisins teldu Kísiliðjuna h.f. ekki nægilega traustan seljanda kísilqúrs í framtíðinni.

Horfur í upphafi ársins 1985

Efnahagur Kísiliðjunnar h.f. hefur batnað til muna á s.l. tveimur árum og verður nú að teljast nokkuð góður. Markaðshorfur eru góðar og allar aðstæður fyrir hendi til að framleiða a.m.k. jafnmikið og á s.l. ári.

Ráðgerðar eru nokkrar fjárfestingar á árinu 1985 og ber þar hæst sjálfvirkar vélar til að stafla kísilgúrpokum á vörupalla. Vélar þessar munu bæta þökkun kísilgúrsins, sem síðan leiðir af sér bættu vörumeðferð og aukna hagkvæmni í qámaflutningum.

KÍSILMÁLMINNSLAN H.F.

Verkefnisstjórn, er skipuð var af Iðnaðarráðuneytinu í febrúar 1981, til að annast hagkvæmiathugun og frumhönnun á byggingu og rekstri 25-30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju, skilaði lokaskýrslu til ráðuneytisins í marz 1982. Meðginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar var sú, að hagkvæmt væri að ráðast í byggingu slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði. Lagði hún til, að aflað yrði laqaheimildar um stofnun hlutafélags til að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Á grundvelli þessarar skýrslu var lagt fram stjórnarfrumvarp um verksmiðjuna. Í maí 1982 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 70, er heimila ríkisstjórninni að beita sér

fyrir stofnun hlutafélags í þessu skyni. Fór stofnun hlutafélagsins, Kísilmálmvinnslunnar h.f., fram á Reyðarfirði í júní 1982. Í ársbyrjun 1983 sendi stjórn hlutafélagsins frá sér skýrslu um athuganir, sem henni var falið að gera, samkvæmt 3. gr. laganna. Var það álit stjórnarinnar, að stefna bæri að gangsetningu verksmiðjunnar á tímabilinu 1986-88 og miða allan undirbúning við að fyrsti ofn hennar yrði gangsettur 1986. Ríkisstjórnin lagði fram í febrúar 1983 þingsályktunartillögu, þar sem lagt var til að Alþingi samþykkti skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Í maí 1983 var gerður samningur við vestur-þýzka fyrirtækið Mannesmann Demag, sem tryggir verksmiðjunni allan helzta véla- og rafbúnað á hagstæðu verði. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykkt Alþingis á niðurstöðum skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. frá því í janúar 1983 og ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um aukningu hlutafjár félagsins. Forhönnun verksmiðjunnar var lokið í marz 1984. Stærð og gerð allra helztu bygginga verksmiðjunnar hefur verið ákveðin og þeim valinn staður á lóð verksmiðjunnar á Mjóeyri við Reyðarfjörð. Gerð, afkastageta og fyrirkomulag allra véla og tækja verksmiðjunnar hefur einnig verið ákveðið. Á grundvelli forhönnunar miðað við aðstaður á verksmiðjusvæðinu hefur stofnkostnaðaráætlun fyrir byggingu verksmiðjunnar verið endurskoðuð. Heildarkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 2.366.000.000 kr. (58 millj.\$), þar af er undirbúnings- og gangsetningarkostnaður áætlaður 142.000.000 kr. (3,5 millj.\$), en byggingarkostnaður 2.224.000.000 kr. (54,5 millj.\$). Áætlunin er miðuð við verðlag í janúar 1985 og eru 49% kostnaðar innlendir en 51% erlendir. Heildarframkvæmdatími frá upphafi verks til gangsetningar fyrri ofns er áætlaður 28 mánuðir, en síðari ofn yrði gangsettur 6 mánuðum síðar.

Í maí 1983 ákvað iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, að eitt af verkefnum Stóriðjunefndar yrði að leita eftir nýjum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni h.f. á Reyðarfirði. Var

Þess farið á leit við Geir H. Haarde og Axel Gíslason, fulltrúa í stjórn Kísilmálmvinnslunnar, og Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóra, að þeir störfuðu með undirnefnd Stóriðjunefndar, þeim Birgi Ísleifi Gunnarssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni, að því máli.

Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki, er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá hafa komið hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild.

Í júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, Birgi Ísleifi Gunnarsson og Guðmund G. Þórarinsson úr Stóriðjunefnd og Geir H. Haarde og Axel Gíslason, samkvæmt tilnefningu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f., í viðræðunefnd, sem hafi með höndum samningaumleitanið við aðila, er áhuga hafa á eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ritari nefndarinnar hefur verið Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar h.f. Einnig hafa starfað með nefndinni Magnús Magnússon, verkfræðingur Kísilmálmvinnslunnar h.f., Baldur Guðlaugsson, lögfræðingur, Garðar Ingvarsson, deildarstjóri hjá Seðlabanka Íslands, og Hermann Sveinbjörnsson, deildarstjóri í Iðnaðarráðuneytinu.

Þegar þetta er skrifað á nefndin í viðræðum við nokkur erlend fyrirtæki, en ekki hefur fengizt niðurstaða á því, hvort þau eru tilbúin til þátttöku í rekstri og byggingu kísilmálmverksmiðju á Íslandi og þá á hvaða grundvelli. Ljóst er að síðustu áætlanir og spár um þróun kísilmálmmarkaðarins á næstu 10-15 árum einkennast ekki af þeirri bjartsýni sem forsendur hagkvæmniathugunar Iðnaðarráðuneytisins frá 1982

byggðust á. Ennfremur hefur raforkuverð í viðmiðunar- og samkeppnislöndum okkar fremur lækkað en hækkað á s.l. 2-3 árum og hefur það veikt okkar samkeppnisstöðu til að draga að erlent áhættufjármagn inn í fyrirtækið. Af þessum ástæðum hafa átt sér stað viðræður við Landsvirkjun um mismunandi skilmála raforkusölusamnings. Ennfremur hefur stofnkostnaðaráætlun verið endurskoðuð með tilliti til möguleika á hagræðingu og lækun heildarkostnaðar. Vonast er til að hægt verði að tryggja viðunandi samkeppnishæfni fyrirtækisins þannig að samningar takist við erlenda meðeigendur. Búið er við niðurstöðu í því sambandi í lok sumars 1985. Ekki er að vanta endanlegrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um byggingu verksmiðjunnar fyrr en að fengnum þeim niðurstöðum.

Ríkissjóður greiddi 8,2 m.kr. í hlutafjárframlag á árinu 1982, 20 m.kr. 1983 og 12,5 m.kr. 1984.

Stjórn

Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn. Eftirtaldir menn hlutu kosningu á fundi Sameinaðs Alþingis í maí 1984:

Geir H. Haarde, hagfræðingur, Halldór Árnason, efnafræðingur, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Theódór Blöndal, tæknifræðingur, Sighvatur Björqvinnsson, fyrrv. alþingismaður, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri, og Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur.

Iðnaðarráðherra skipaði Geir H. Haarde formann stjórnar. Framkvæmdastjóri er Geir A. Gunnlaugsson.

LANDSSMIÐJAN

Landssmiðjan var stofnuð 17. janúar 1930 og hefur starfað eftir lögum nr. 102/1936. Fyrirtækið hefur heyrt beint undir

iðnaðarráðherra síðustu áratugi.

Í febrúar 1984 var Helga G. Þórðarsyni, verkfræðingi, falið að gera forkönnun á rekstri og rekstrargrundvelli Landssmiðjunnar. Markmið könnunarinnar var m.a. að auðvelda ákvörðun um áframhaldandi rekstur á fyrirtækinu og aðstoða starfsmenn við að meta möguleika á að kaupa fyrirtækið.

Helztu niðurstöður könnunarinnar voru m.a.:

1. Ekki væri nauðsynlegt að ríkið ætti og ræki fyrirtækið til þess að markmiðum þess yrði náð.
2. Tekjuafgangur í rekstri án verðbreytingarfærslna og aukafyrninga var neikvæður árið 1982 um (2.000 þús.kr.) en árið 1983 neikvæður um (3.811 þús.kr.).
3. Líkur benda til að auka megi sölumagn með því að endurskipuleggja aðstöðu og starfsháttu, draga úr kostnaði þjónustudeilda, fá meiri verkefni og auka framleiðni.

Hinn 8. marz 1984 stofnuðu 52 starfsmenn Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll að samkomulagi við Iðnaðarráðuneytið um kaup á Landssmiðjunni og kanna rekstrargrundvöll hins nýja fyrirtækis.

Hinn 15. marz 1984 skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda þrjá menn til að annast viðræður um sölu Landssmiðjunnar:

Halldór J. Kristjánsson, deildarlögfræðing, Gunnlaug Claessen, ríkislögmann, Guðmund Malmquist, hdl. Með nefndinni starfaði Helgi G. Þórðarson.

Að lokinni upplýsingasöfnun um eignir fyrirtækisins, ástand tækja, viðskiptavild og allmarga samningafundi var undirritaður kaupsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landssmiðjunnar h.f. (hlutafélags í eigu 23ja starfsmanna

Landssmiðjunnar) hinn 20. september 1984. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis.

Meginatriði kaupsamningsins eru:

- a) Ríkissjóður selur hlutafélaginu Landssmiðjunni h.f. ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna í fullum rekstri með öllum vélum, tækjum og áhöldum sem fyrirtækið á, ásamt rekstrarbirgðum, hlutabréfum í Tollvörugæmslunni h.f. og viðskiptakröfum. Kaupverðið er kr. 22.115.638,00.

Undanskilið sölunni eru hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands h.f. og Sameinuðum verktökum h.f., tilraunafiskimjölsværksmiðja, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar síðastliðin ár, og fasteignir Landssmiðjunnar.

- b) Kaupverðið greiðist þannig að kaupverð véla og tækja og viðskiptavild greiðist með 20% útborgun, en eftirstöðvar eru lánaðar með verðtryggðum kjörum til 8 ára. Viðskiptakröfur greiðast með yfirtöku viðskiptaskulda. Lager greiðist með verðtryggðu skuldabréfi til 4 ára.

Lán vegna kaupanna eru tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum.

- c) Áskilið er af hálfu ríkisins að hlutafé í Landssmiðjunni verði eigi minna en kr. 4.000.000.
- d) Seljandi skuldbindur sig til að leigja kaupanda fasteignir Landssmiðjunnar til allt að 15 ára.
- e) Seljandi skuldbindur sig til að beita sér fyrir því að erlendir aðilar, sem Landssmiðjan hefur umboð fyrir, veiti samþykki sitt fyrir því að umboðin verði yfirfærð til Landssmiðjunnar h.f.

- f) Seljandi lofar að beita sér fyrir því að núverandi verkefni Landssmiðjunnar fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir haldist óbreytt a.m.k. næstu þrjú ár, að því skilyrði uppfylltu að Landssmiðjan h.f. verði samkeppnishæf bæði hvað varðar verð og gæði.
- g) Afhending eignanna fór fram 1. janúar 1985.

Meðal fasteigna Landssmiðjunnar er grunnur að nýbyggingu við Skútvog, en áform voru uppi um að flytja Landssmiðjuna þangað meðan hún var í ríkiseign.

Fjárfest var í grunni þessum að upphæð 60 m.kr. og hefur Ríkissjóður yfirtekið þá fasteign, og er nú verið að afla tilboða í grunninn.

Um nánari upplýsingar um sölu fyrirtækisins vísast til frumvarps til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna. Frumvarp þetta var samþykkt á Alþingi í desember 1984 og tók hlutafélagið Landssmiðjan h.f. við rekstri fyrirtækisins 1. janúar 1985.

Rekstur 1984

Í tengslum við úttekt Helga G. Þórðarsonar og Rekstrarstofunnar fór fram á árinu 1984 endurskipulagning á rekstri fyrirtækisins. Höfðu hluthafar í Landssmiðjunni h.f. forystu um þá endurskipulagningu, sem unnin var utan venjulegs vinnutíma, og bar hið nýja hlutafélag kostnað þeirrar vinnu.

Fest voru kaup á tölvu og samtengd hugbúnaðarkerfi fyrir alla starfsemina, lagerar sameinaðir og verkstæði flutt á jarðhæð. Öllu starfsfólki ríkisfyrirtækisins var sagt upp störfum frá og með 1. janúar 1985 og réð hið nýja hlutafélag

mestan hluta þess starfsfólks aftur.

Af tæknilegum, fjárhagslegum og ýmsum öðrum ástæðum var hætt við þróun tilraunaverksmiðju fyrir fiskimjöl og tækjabúnaði komið í geymslu. Engar framkvæmdir voru við nýbyggingu í Skútuvogi á árinu.

Tap var á rekstri Landssmiðjunnar á árinu 1984 og nam 1.443 m.kr. fyrir fjármagnsgjöld. Hluttur verzlunar af veltu nam 59% en hluttur iðnaðar 41%. Verkfall opinberra starfsmanna í október olli nokkru tekjutapi.

Staða samkvæmt rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	<u>1984 kr.</u>	<u>1983 kr.</u>
Rekstrartekjur	60.375.000	52.460.000
Rekstrargjöld	(61.818.000)	(54.396.000)
Fjármagnstekjur (gjöld)	(7.129.000)	5.975.000
Hagnaður (Tap)	(8.572.000)	4.039.000
Eignir	117.158.000	102.653.000
Skuldir	62.529.000	57.149.000
Eigið fé	54.629.000	45.504.000

Árið 1984 störfuðu að jafnaði 65 menn hjá fyrirtækinu.

Forstjóri Landssmiðjunnar 1984 var Sigurður Daníelsson.

LANDSVIRKJUN

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 samkvæmt lögum nr. 59 frá 20. maí 1965 og áttu ríkissjóður og Reykjavíkurborg sinn helminginn hvor. Í lögunum var ákvæði, sem heimilaði eigendum Laxárvirkjunar að ákveða, að Laxárvirkjun sameinaðist Landsvirkjun. Með hliðsjón af þessu ákvað stjórn Laxárvirkjunar að leita eftir heimild eigenda sinna til að athuga möguleikana á sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun. Í framhaldi af því hófust viðræður milli eigenda beggja fyrirtækjanna hér að lútandi og lyktaði þeim með nýjum sameignarsamningi um Landsvirkjun, sem undirritaður var 27. febrúar 1981. Tók samningurinn gildi 1. júlí 1983 og á ríkissjóður frá þeim tíma áfram 50% í Landsvirkjun, en Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%.

Alþingi samþykkti ný lög um Landsvirkjun, nr. 42 frá 23. marz 1983. Í þeim eru ýmis nýmæli í samræmi við sameignarsamninginn og til staðfestingar þeirri þróun, sem orðið hefur hjá Landsvirkjun frá því fyrirtækið var sett á stofn árið 1965. Iðnaðarráðherra staðfesti nýja reglugerð fyrir Landsvirkjun þann 16. nóvember 1983. Er hún nr. 760/1983 og tók gildi 30. nóvember. Í henni er að finna nánari útfærslu og skýringar á lögunum um Landsvirkjun.

Yfirlit 1984

Vatnsbúskapurinn reyndist Landsvirkjun hagstæður allt árið og nam heildarorkuöflun Landsvirkjunar 3.663 GWst. Er hér um að ræða aukningu frá fyrra ári um 234 GWst eða 6,8%. Raforkuvinnslan jókst um 230 GWst eða 7% frá 1983 og nam 3.508 GWst, sem var 89,6% af raforkuvinnslu landsins í heild, en hún nam 3.914 GWst. Hluttur Landsvirkjunar í raforkuvinnslu vatnsaflsvirkjana reyndist 93,7%. Raforkukaup Landsvirkjunar námu 30 GWst frá Hitaveitu Suðurnesja og 125 GWst frá Kröfluvirkjun eða alls 155 GWst, sem er 4,2% af heildarorkuöflun Landsvirkjunar. Aukningin í raforkukaupunum

nam um 4,0 GWst eða 3,3%.

Raforkusala Landsvirkjunar til almenningsrafveitna jókst um 25 GWst eða 1,7%. Er þetta mun minni aukning en áætlað hafði verið, einkum vegna minni rafhitunar en gert hafði verið ráð fyrir og samdráttar í efnahagslífinu. Í þessum samanburði er hlutur Laxárvirkjunar í rafmagnssölunni á fyrri hluta árs 1983 meðtalin. Sé það hins vegar ekki gert er aukningin 110 GWst eða 8,2%. Salan til stóriðju jókst um 119 GWst eða 6,2%. Alls nam raforkusalan 3.150 GWst, sem er 6,9% aukning, en töp og eigin notkun námu 153 GWst eða 4,2% af heildarorkuöfluninni.

Gjaldskrá Landsvirkjunar gagnvart almenningsrafveitum hækkaði aðeins einu sinni á árinu og var það hinn 1. maí, er hún hækkaði um 5%. Meðalverð ársins til almenningsrafveitna hækkaði um 29,9%, horið saman við árið á undan. Meðalverðið til ÍSALS og Áburðarverksmiðjunnar hækkaði um 59,9% og til Íslenska járnblendifélagsins h.f. um 10,2% og er þá miðað við verðið í ísl. krónum að teknu tilliti til gengisbreytinga og samningsbreytinga.

Hinn 13. september 1984 var gerð sú breyting á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Íslenska járnblendifélagsins h.f., að til viðbótar hinu samningsbundna rafmagnsverði er Landsvirkjun tryggð viss hlutdeild í hagnaði félagsins nái hann ákveðnu marki og að fullnæðum tilteknum skilyrðum varðandi eiginfjárstöðu félagsins.

Á árinu lauk endurskoðun rafmagnssamnings Landsvirkjunar og ÍSALS til verulegra haugsbóta fyrir Landsvirkjun. Við gildistöku nýja samningsins hinn 30. nóvember 1984 hækkaði orkuverðið til ÍSALS úr 9,5 mill á kWst samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi frá 23. september 1983 í 12,5-18,5 mill eins og sérstök reikniformúla kemur til með að ákveða nánar ársfjórðungslega næstu 20 árin með tilliti til álverðs í heiminum. Gerir samningurinn jafnframt ráð fyrir því að á 5 ára fresti megi endurskoða hið samningsbundna verð ef sérstakar

aðstæður eru fyrir hendi og að tuttugu árum liðnum geti hvor aðili sem er framlengt samninginn um 10 ár til viðbótar og skal þá ákveða rafmagnsverðið á nýjan leik eftir tilteknum reglum.

Framkvæmdir voru hafnar við jarðgangagerð og aðrar byggingarframkvæmdir Blönduvirkjunar og miðaði þeim samkvæmt áætlun sem og framkvæmdum við Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Heginhluti véla og rafbúnaðar Blönduvirkjunar var boðinn út, en úrvinnslu og samanburði tilboða var ekki lokið í árslok. Stefnt hefur verið að því að ljúka framkvæmdum við Kvíslaveitu og Þórisvatn 1986 og taka fyrstu vél Blönduvirkjunar í rekstur 1988. Tímasetningar þessar voru til endurskoðunar í árslok með tilliti til fyrirsjáanlegrar lækkunar á orkusþá og óvissu um aukningu orkufreks iðnaðar á næstu árum.

Framkvæmdum við Suðurlínu lauk á árinu og var hún tekin í notkun í nóvember 1984 að viðstöddum iðnaðarráðherra. Var 132 kV hringtengingun landsins þar með lokið og öryggi dreifikerfis Landsvirkjunar verulega aukið.

Eins og undanfarin ár var unnið við virkjanarannsóknir á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu og eru þær það vel á veg komnar að segja má að Vatnsfellsvirkjun (98 MW), Sultartangavirkjun (120 MW) og stækkun Búrfellsvirkjunar (140 MW) séu allt virkjunarkostir, sem bjóða megi út með stuttum fyrirvara. Að öðru leyti heindust virkjanarannsóknir einkum að Fjóttsdalsvirkjun (252 MW), sem einnig hefur verið verkhönnuð.

Í samræmi við nýmæli í lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 var fyrsti ársfundur Landsvirkjunar haldinn 27. apríl 1984, en samkvæmt lögunum ber að halda hann í apríl ár hvert. Fundur þessi markaði tímamót í sögu fyrirtækisins, sem nú hefur breytt úr landshlutafyrirtæki í meginraforkuframleiðanda fyrir landið í heild. Á fundinum var gerð grein fyrir þróun Landsvirkjunar frá upphafi, stöðu fyrirtækisins og horfum með tilliti til fjárhagsafkomu, framkvæmda og rannsókna. Fundinn

sóttu fulltrúar eigenda Landsvirkjunar og samtaka sveitarfélaga auk stjórnar og starfsmanna fyrirtækisins. Voru þátttakendur alls 80 talsins, en ársfundi Landsvirkjunar er ætlað að vera fastur samráðsvettvangur þessara aðila um málefni fyrirtækisins.

Vegna aukinna umsvifa Landsvirkjunar í kjölfar yfirtöku byggðalína og sameiningar Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar á árinu 1983 var í ársbyrjun samið við þrjá rekstrarráðgjafa um athugun á hinum ýmsu þáttum í starfsemi fyrirtækisins með það fyrir augum að koma á aukinni haгрæðingu og draga úr kostnaði. Niðurstöður og tillögur ráðgjafanna lágu að mestu leyti fyrir í lok ársins og er stefnt að því að taka afstöðu til þeirra á árinu 1985.

Afkoma Landsvirkjunar 1984

Rekstrarafkoma Landsvirkjunar var haгstæð á árinu 1984 um 15,7 milljónir króna. Var hér um breytingu til batnaðar að ræða, þar sem Landsvirkjun hafði búið við meiri og minni rekstrarhalla á árunum 1975-1983, að báðum meðtöldum. Þá var greiðslujöfnuður ársins 1984 haгstæður um 246,5 milljónir króna.

Tekjur Landsvirkjunar námu alls um 2.200 m.kr. á áriau 1984 og gjöld um 2.923 m.kr. og eru þá orkukaup frá Kröfluvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð alls um 161 m.kr. ekki meðtalin. Stærsti gjaldaliðurinn er fjármagnskostnaður, sem er um 1.685 m.kr. eða 83,3% gjaldanna og skiptist þannig, að vextir nema um 1.056 m.kr. og afskriftir um 629 m.kr. Almennur rekstrarkostnaður nam um 337 m.kr. eða 16,7% af gjöldum.

Gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði aðeins einu sinni á árinu, þ.e. um 5% hinn 1. maí, og hafði þá verið óbreytt frá 1. ágúst 1983. Frá þeim tíma og til síðustu áramóta leikkaði gjaldskrárverðið því að raungildi um 20% miðað við

byggingarvísitölu. Verðið til ÍSALS hækkaði á árinu úr 9,5 mill á kWst í 12,6 mill hinn 30. nóvember s.l. samkvæmt hinum nýja samningi við ÍSAL. Vegna þessarar hækkunar og gengisbreytinga hækkaði verðið til ÍSAL á árinu um alls 87,6% í íslenskum krónum reiknað. Verðið til Áburðarverksmiðjunnar fylgdi verðinu til ÍSALS. Verðið til Járblendifélagsins var 5,4 norskir aurar á kWst allt árið, en hækkaði vegna gengisbreytinga um 14,1% í íslenskum krónum reiknað.

Í árslok námu hókferðar eignir Landsvirkjunar alls um 25.747 m.kr. og skuldir alls um 17.012 m.kr. Eigið fé nam mismuninum eða um 8.735 m.kr. króna, að jafnvirði um 215 milljónum dollara, sem er um 34% af heildareign. Við stofnun Landsvirkjunar 1965 nam eigið fé fyrirtækisins um 1.048 milljónum króna á verðlagi í árslok 1984. Það hefur því um það bil áttfaldast til ársloka 1984 og er hér um verulega aukningu að reða. Sogsvirkjanirnar þrjár urðu skuldlaus eign Landsvirkjunar á árinu og skuldir vegna Laxárvirkjunar námu aðeins um 57 milljónum króna í árslok. Skuldir vegna hinna svonefndu Búrfellsvirkja voru þá komnar niður í um 860 m.kr., að jafnvirði um 21 milljón dollara, sem verðmætislega séð svarar til Búrfellslínu 1 og 2. Jafngildir þetta því að í árslok hafi Búrfellsvirkin að öðru leyti verið orðin skuldlaus eign Landsvirkjunar, þ.e. Búrfellsstöðin sjálf, spennistöðin á Geithálsi, gasaflstöðin í Straumsvík og stór hluti Þórisvatnsmiðlunar.

Í árslok 1984 nam hlutur bandaríkjadollars 39,4% í heildarskuld Landsvirkjunar og hafði þá lækkað úr 70,9% í árslok 1981 eða um 31,4% á þrem árum. Er þetta afleiðingin af þeirri stefnu Landsvirkjunar á þessu árabili að draga úr vægi dollarans í skuldabyrði fyrirtækisins með því að taka engin ný lán til langs tíma í dollurum og greiða upp fyrirfram eldri dollaralán með breytilegum vöxtum og nota í því skyni ný lán í öðrum myntum með föstum vöxtum.

Vegna sívaxandi styrkleika dollarans á þessum árum

gagnvart öðrum myntum hefur þessi stefna Landsvirkjunar í lánamálum reynzt fyrirtækinu mjög hagstæð og leitt til lægri skuldabyrði í íslenskum krónum en ella. Hefði Landsvirkjun ekki framkvæmt neinar lánabreytingar af umræddu tagi á síðustu þrem árum og tekið öll ný langtímalán á þeim árum í dollurum með breytilegum vöxtum er áætlað að vaxtagreiðslur hefðu orðið alls um 324 milljónum króna hærri á þessu þriggja ára tímabili en raun varð á og bá miðað við verðlag í árslok 1984 og eftirstöðvar erlendra skulda í árslok 1984 orðið um 613 milljónum króna hærri á verðlagi þess tíma en þær reyndust verða. Þessar aðgerðir hafa því sparað Landsvirkjun allt að 937 m.kr.

Hér á eftir fara töflur, er sýna orkuöflun og sölu Landsvirkjunar árin 1984 og 1983 og verðlagningu eftir tímabilum árið 1984, auk yfirlits yfir starfsmannahald fyrirtakisins:

ORKUÖFLUN	1984		1983	
	GWst	MW	GWst	MW
Rafmagnsvinnsla	3.508,1	528,0	3.278,4	524,0
Vatnsorka	3.501,1	525,0	3.273,8	521,0
Varmaorka (jarðgufa)	7,0	3,0	4,8	3,0
Varmaorka (eldsneyli)	0,0	0,0	0,0	0,0
Orku kaup	155,0	37,0	150,7	28,0
Frá Hitavelli Sudurnesja	30,0	6,9	30,0	6,0
Frá Krolluvirkjun	125,0	30,1	120,7	22,0
Heildarorkuöflun	3.663,1	565,0	3.429,1	552,0

ORKUSALA	1984					1983				
	Forg. GWst	Alg. GWst	Alls GWst	Par af ótr.orka MW	Par af ótr.orka GWst	Forg. GWst	Alg. GWst	Alls GWst	Par af ótr.orka MW	Par af ótr.orka GWst
Almenningsveitur	1.451,2	-	1.451,2	70,0	-	1.341,5	-	1.341,5	73,1	-
Rafmagnsveita Reykjavíkur	488,1	-	488,1	90,4	-	473,5	-	473,5	88,7	-
Rafmagnsveitur ríkisins	720,9	-	720,9	142,2	28,8	682,0	-	682,0	140,8	30,2
Rafveita Hafnarfjarðar	46,3	-	46,3	8,3	-	46,9	-	46,9	8,2	-
Orkuþu Vestfjarða	97,2	-	97,2	14,5	30,5	84,7	-	84,7	13,4	30,6
Rafveita Akureyrar	98,7	-	98,7	16,6	10,7	54,4	-	54,4	16,9	12,3
Stóriðja	1.690,7	367,9	2.058,6	-	-	1.684,5	254,7	1.939,2	-	-
Áburðarverksmiðja ríkisins	131,9	-	131,9	21,8	-	148,7	-	148,7	23,2	-
ÍSAI	1.301,4	57,2	1.358,8	176,0	-	1.279,4	28,9	1.308,3	168,0	-
Ístenska Járnblendlélagið	257,4	310,7	568,1	79,5	-	256,4	225,8	482,2	72,8	-
Heildarorkusala	3.141,9	367,9	3.509,8	70,0	-	3.026,0	254,7	3.280,7	73,1	-
Töp og eigin notkun	-	-	153,3	-	-	-	-	148,4	-	-

GJALDSKRÁ LANDSVIRKJUNAR TIL ALMENNINGSRAFVEITNA 1984

	-30.04. 01.05.-31.12.	
FORGANGSRAFMAGN:		
Afgjald, krónur á érs kW	2.708,36	2.643,78
+ Orkugjald, aurar á kWst:		
Fyrir lýstu notkun allf að 2.500 kst. nýtingartíma á ári	86,3	90,6
Fyrir notkun milli 2.500 og 4.000 kst. nýtingartíma á ári	50,3	52,8
Fyrir notkun umfram 4.000 kst. nýtingartíma á ári	23,6	24,8
ÓTRYGGT RAFMAGN:		
Orkugjald (eíngöngu), aurar á kWst	17,8	18,7

FJÖLDI STARFSMANNA Í FÖSTUM STÖRFUM

	1984	1983
Yfirstjórn og verkfræðidæðir	65	64
Kerlisstjórn, spennistöðvar og háspennullnur	35	36
Allstöðvar	89	91
Samtals	189	191

FJÖLDI LAUSRÁÐINNA STARFSMANNA

	1984	1983
Mestur	255	249
Mínstur	66	55

Starfsemi starfsmannaléagsins var með líku sniði og undan farin ár. Formaður var Helgi Bjarnason.

Yfirstjórn

Núverandi stjórn Landsvirkjunar tók til starfa 1. júlí 1983 og er kjörtímabil hennar 4 ár. Stjórnin er skipuð sem hér segir:

Formaður: Jóhannes Nordal.

Kosnir af Alþingi: Árni Grétar Finnsson, Baldvin Jónsson, Böðvar Þraugason, Ólafur Raqnar Grímsson.

Kosnir af borgarstjórn Reykjavíkur: Birgir Ísleifur Gunnarsson, Davíð Oddsson, Kristján Benediktsson.

Kosinn af bæjarstjórn Akureyrar: Valur Arnþórsson.

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra og aðstoðarforstjóra fyrirtækisins auk skrifstofustjóra, rekstrarstjóra, forstöðumanns verkfræðideildar, byggingarstjóra og svæðisstjóra fyrir Norður- og Austurland.

Hinn 1. júlí 1984 létu af störfum fyrir aldurs sakir Ingólfur Ágústsson, rekstrarstjóri, og Rögnvaldur Þorláksson, byggingarstjóri.

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu nú forstöðu:

Forstjóri Halldór Jónatansson, aðstoðarforstjóri Jóhann Már Maríusson.

Forstöðumenn deilda:

Rekstrarstjóri Guðmundur Helgason, skrifstofustjóri Örn Marínósson, svæðisstjóri Norður- og Austurlands Knútur Otterstedt, aðstoðarbyggingarstjóri Páll Ólafsson, aðstoðarforstöðumaður verkfræðideildar Aqnar Olsen.

Í kjölfar nýs heildarskipulags fyrir Landsvirkjun sem tók gildi 1. maí 1983 var komið á sérstöku skipulagi fyrir hverja deild fyrirtækisins, en þær eru fimm talsins.

Í júlí 1983 var þannig leitað til Rekstrarstofunnar og henni falið að gera úttekt á bílamálum Landsvirkjunar. Hefur tillögum hennar nú að mestu verið komið í framkvæmd. Um sama leyti var Rekstrarstofunni falið að huga að laqermálum í samvinnu við sérstakan starfshóp Landsvirkjunar. Eru þau mál enn í athugun. Í framhaldi af frumkvæði iðnaðarráðherra að úttekt á rekstri ýmissa fyrirtækja á sviði Iðnaðarráðuneytisins samþykkti stjórn Landsvirkjunar í ársbyrjun 1984, að tillögu forstjóra, að ráða rekstrarráðgjafafyrirtæki til að gera úttekt á starfsemi og rekstri Landsvirkjunar í heild. Stendur sú vinna enn yfir og er gert ráð fyrir að henni ljúki um mitt sumar 1985. Var samið við þrjú fyrirtæki og verkefnum skipt þannig að Hagvanqur h.f. fjallar um aðalskrifstofuna, Hannarr s.f. um tæknideildirnar og svæðisskrifstofuna á Akureyri, háspennulínur og aðveitustöðvar, en Rekstrarstofan um aflstöðvar.

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, og er sameignarfyrtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hlutur ríkissjóðs er 40%, en hlutur sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu. Skiptist hlutur sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu, en alls eru 29 sveitarfélög á Vestfjörðum af 32 eigendur að Orkubúi Vestfjarða.

Tilgangur Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka kyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar

undirbúningsrannsóknir eftir því, sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði hinn 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps, Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjarfjarðar- og Ögurhrepps.

Orkubúið hefur reist varmaveitur á Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði og selur þar varmaorku til húshitunar.

2. janúar 1983 hóf Orkubú Vestfjarða viðskipti við Landsvirkjun um Vesturlínu.

Rekstur 1984

Rekstrarafkoma Orkubús Vestfjarða batnaði á árinu. Hagnaður varð á rekstrinum, tæpar 7 m.kr., en tapið árið 1983 var rúmar 0,5 m.kr. Heildarrekstrargjöld árið 1984 voru um 321 m.kr., þar af voru afskriftir 58 m.kr. og fjármagnsgjöld 88 m.kr.

Orkubú Vestfjarða fær 20% af verðjöfnunargjaldi af raforku í sinn hlut. Árið 1984 nam þessi hlutur 76,3 m.kr. eða um 23% af heildartekjum fyrirtækisins.

Eigið fé Orkubús Vestfjarða nam um seinustu áramót 542 m.kr. og langtímaskuldir voru um 708 m.kr.

Að jafnaði störfuðu 91 manns hjá fyrirtækinu á s.l. ári.

Heildarorkuöflun Orkubús Vestfjarða varð alls 175,5 GWh og hafði aukizt um 2,5% frá fyrra ári. Skipting orkuöflunar var

þannig:

Raforkuvinnsla vatnsaflsvirkjana	38,0%
Raforkuvinnsla dísilstöðva	0,6%
Orkuvinnsla í svartolíukötlum vegna hitaveitna	5,2%
Orkukaup frá Landsvirkjun og RARIK	56,2%
Samtals	100,00

Orkuvinnsla dísilstöðva og orkuvinnsla í svartolíukötlum minnkaði frá fyrra ári.

Af raforku voru seldar um 105,3 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 5,7%. Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 187,5 m.kr. og meðalverð á seldri kílóvattstund 178,1 eyrir, sem er 27% hækkun frá fyrra ári. Í þessari tölu er ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Af heitu vatni voru seldar 41,4 GWh og er það 4,7% aukning frá fyrra ári. Tekjur Orkubús Vestfjarða af þessari orkusölu voru um 56,6 m.kr. og meðalverð á seldri kílóvattstund 136,7 aurar.

Orkusala	GWh	%
Til heimilisnota	10,6	7,2
Til búrekstrar	10,0	6,8
Til stórra véla	25,7	17,5
Til hitunar	95,2*	64,9
Til annarra nota	5,2	3,6
Samtals	146,7	100,0

*Af raforku voru seldar 53,8 GWh og af heitu vatni 41,4 GWh. Reiknað er með að 70% af raforkusölu til búrekstrar séu til húshitunar. Orkubú Vestfjarða hefur því selt 102,2 GWh til húshitunar eða 69,7% af heildarorkusölu.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	<u>1984 kr.</u>		<u>1983 kr.</u>
Rekstrartekjur	328.016.000	242.160.000
Rekstrargjöld	(233.054.000)	(180.062.000)
Fjármagnsgjöld	(88.122.000)	(62.555.000)
Hagnaður (Tap)	6.840.000	(501.000)
Eignir	1.388.710.000	1.047.392.000
Skuldir	851.204.000	626.369.000
Eigið fé	537.506.000	421.022.000

Frákvændir

Á árinu 1984 var unnið að frákvæmdum fyrir 77,0 m.kr. og skiptust þær þannig:

	<u>m.kr.</u>
Vatnsaflsvirkjanir	0,7
Dísilstöðvar	1,9
Stofnlínur	21,1
Aðveitustöðvar	23,3
Innanbæjarkerfi	5,5
Fasteignir, bílar og áhöld	11,0
Sveitaveitur	11,5
Hitaveitur	<u>2,0</u>
	Samtals 77,0

Frákvændir voru fjármagnaðar með lánsfé að upphæð 30 m.kr. Úr rekstri komu 47 m.kr., þar af 8,4 m.kr. stofnfjárframlag úr Orkusjóði vegna sveitarafvæðingar.

Rekstrarhorfur 1985

Þann 1. janúar 1985 hækkuðu gjaldskrár Orkubús Vestfjarða um 17% að meðaltali, en höfðu þá verið óbreyttar frá 1. ágúst 1983.

Fjórir þættir rekstrargjalda skipta höfuðmáli:
Gjaldskrá Landsvirkjunar, gengi erlendrar myntar, vextir lána
og laun. Verði ekki umtalsverðar breytingar á nefndum liðum á
árinu 1985 verður mögulegt að hafa gjaldskrár óbreyttar allt
árið.

Rekstaráætlun 1985.

	<u>M.kr.</u>
Tekjur	367,6
Orkusala.....	289,7
Verðjöfnunargjald o.fl.	77,9
Gjöld	(373,6)
Rekstrargjöld	(276,5)
Fjármagnsgjöld	(97,1)
Tap	(6,0)

Af tekjuliðnum "verðjöfnunargjald o.fl." eru tekjur af
verðjöfnunargjaldi á árinu 1985 áætlaðar 71,9 m.kr. Ljóst er
því, að verðjöfnunargjaldið er verulegur þáttur í tekjuöflun
Orkubúsins. Verði verðjöfnunargjaldið lækkað eða felld niður
með öllu, er ljóst að tryggja verður Orkubúinu aðrar tekjur til
að standa undir rekstrar- og fjármagnsgjöldum, eða létta af því
lánabyrði.

Frækvæmdir á árinu 1985 eru áætlaðar 70 m.kr.

Stjórn Orkubúsins

Stjórn Orkubúsins til aðalfundar 1985 er þannig
skipuð:

Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, Höskuldur Davíðsson,
trésmiður, Kristján Jónasson, frækvæmdastjóri, Kristinn Jón
Jónsson, verkstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, Enqilbert
Ingvasson, bóndi, skipaður af fjármálaráðherra.

Orkubússtjóri Vestfjarða er Kristján Haraldsson.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga nr. 58/1967 og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfshættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup og rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun en einnig lítils háttar frá Skeiðsfossvirkjun og Andakílsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínakerfi frá orkuafendingarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkusala til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, svo og um sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveiturnar sjá um rekstur byggðalína að verulegu leyti samkvæmt sérstökum samningi við Landsvirkjun sem er nú eigandi byggðalína.

Rafmagnsveiturnar sjá um rekstur Kröfluvirkjunar í umboði ríkissjóðs. Yfir standa viðræður milli eigenda Landsvirkjunar og stjórnvalda um kaup Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun.

Starfsemi - Orkuveitusvæði

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um land (að undanskildum Vestfjörðum) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar flestum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á

orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru tæp 12% af íbúum í þéttbýli en um 92% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur í Stykkishólmi, á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.

Raforkuöflun

Rafmagnsveiturnar kaupa raforku í heildsölu, aðallega frá Landsvirkjun og framleiða einniq orku í eigin orkuverum. Heildarorkuöflun Rafmagnsveitnanna árið 1984 var 842 GWh og skiptist hún þannig:

Eigin orkuvinnsla	112 GWh
Aðkeypt orka	730 GWh

Framleiðsla Kröfluvirkjunar var 136 GWh. Að frádreginni eigin notkun virkjunarinnar sem var 7 GWh telst framleiðslan með aðkeyptri orku.

Orkuöflun árið 1984 hefur aukist um 8 GWh eða 1% frá árinu 1983.

Raforkusala

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður sagði raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda annars staðar, þar sem rafveitur sveitarfélaga eru ekki starfandi. Heildarraforkusala á árinu 1984 var 728 GWh og jókst um 7 GWh eða 1% frá árinu áður. Í heildsölu voru seldar 271 GWh. Smásala skiptist þannig eftir notkun árið 1984:

	<u>GWh</u>	<u>%</u>
Almenn notkun	50	11
Markmæling landbúnaðar	160	35
Vélanotkun	93	20
Húshitun	142	31
Annað	12	3
Samtals	457	100

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn, er samsvarar 26 GWh, til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Reiknað er með að 70% af raforkusölu í landbúnaði séu vegna húshitunar. Rafmagnsveiturnar hafa því selt samtals 254 GWh til húshitunar (112 GWh til landbúnaðar og 142 GWh til annarrar húshitunar) eða nálægt 56% af raforku í smásölu.

Nýfrankvæmdir

Á árinu 1984 var unnið að framkvæmdum fyrir 237,9 m.kr. og er það 5,9% aukning frá árinu áður í krónum talið. Framkvæmdir ársins 1984 skiptust þannig:

	<u>M.kr.</u>
Vatnsaflsvirkjanir	5,9
Dísilvélar	0,1
Stofnlínur	54,1
Aðveitustöðvar	25,1
Innanbæjarkerfi	51,3
Fasteignir, bílar og áhöld	45,2
Sveitaveitur	50,9
Gjaldmælar	5,3
Samtals	237,9

Framkvæmdir við sveitaveitur eru að mestu fjármagnaðar með framlagi Orkusjóðs, en aðrar framkvæmdir með lánsfé.

Fjárhagsafkoma 1984

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi (í þús.kr.) í árslok 1984:

	<u>1984 þús.kr.</u>	<u>1983 þús.kr.</u>
<u>Tekjur</u>	1.555.014	1.187.496
Orkusala	1.220.656	926.708
Verðjöfnunargj. ofl.	334.358	260.788
<u>Gjöld</u>	(1.485.807)	(1.183.735)
Rekstrar gjöld	(1.219.618)	(972.835)
Fjármagnsgjöld	(266.189)	(210.900)
<u>Rekstrarafgangur</u>	69.207	3.761
Eignir	7.108.953	5.691.986
Skuldir	6.257.511	4.782.590
Eigið fé	851.442	909.396

Árið 1984 var Rafmagnsveitunum ákaflega hagstætt hvað rekstur varðar. Ber þar einkum tvennt til. Bezta vatnsár í eigin vatnsaflsvirkjunum, en aldrei hefur verið framleitt meira í þeim frá upphafi og því keypt minna en áætlað var. Þá hefur tíðarfar verið hagstætt og kostnaður við viðhald og rekstur veitukerfanna orðið minni en ráð var fyrir gert. Einnig hefur minnkað umfang Rafmagnsveitnanna og endurskipulagningu fyrirtækisins haft áhrif á rekstrarafkomuna. Þá hefur hjöðnun verðbólgu skipt máli. Rekstrarafgangur var 69,2 m.kr. á árinu.

Horfur í rekstri 1985

Rekstraráætlun fyrir árið 1985 ber með sér að verulegar halli er fyrir sjáanlegur. Fjórir þættir rekstrargjalda skipta mestu varðandi rekstrargjöld: Gjaldskrá Landsvirkjunar, gengi erlendra myntar, vextir lána og laun.

Rekstraráætlun 1985 í þús.kr.

Tekjur

Smásala	983.800
Heildsala	506.800
Verðjöfnunargjald	293.700
Aðrar tekjur	<u>17.200</u>
Samtals	1.801.500

Gjöld

Laun	(130.700)
Önnur rekstrargjöld	(184.500)
Hráefni og vörur til endursölu	(1.008.800)
Afskriftir	(237.600)
Vextir	<u>(309.500)</u>
Samtals	(1.571.000)

Hagnaður (Tap) (69.500)

Verðjöfnunargjald var lækkað úr 19% í 16% 1. janúar 1985. Lækkun tekna Rafmagnsveitnanna vegna þeirrar breytingar er áætluð nálægt 57 m.kr. Þetta hefur ekki verið bætt með hækkun á gjaldskránni að sama skapi. Ráðgert er að fresta greiðslum afborgana af tilteknum skuldabréfum um fimm ár en sú fjárhæð nægir þó engan veginn til að leiðrétta greiðslustöðu Rafmagnsveitnanna. Núverandi stjórnvöld hafa markað þá stefnu að leggja verðjöfnunargjaldið niður í áföngum og hefur fyrsta skrefið í þá átt verið stigið með lækkun þess úr 19% í 16%. Tryggja verður Rafmagnsveitunum viðbótartekjur í framhaldi af því. Rafmagnsveiturnar hafa lagt til að ríkissjóður greiði óarðbærar framkvæmdir, framlög til rafhitunar, yfirtaki hluta af skuldum Rafmagnsveitnanna og felli niður aðflutningsgjöld af efni til framkvæmda og rekstrar í flutnings- og dreifikerfum fyrir raforku. Gjaldskrá var hækkuð 1. janúar 1985 og hefur

ekkert verið ákveðið um frekari hækkanir á árinu.

Starfsfólk

Í árslok 1982 voru starfsmenn RARIK 546, en í árslok 1983 um 374. Starfsfólk var 336 í árslok 1984 og fækkaði því um 38 frá árinu 1983.

Stjórnun

Þann 15. febrúar 1984 tók gildi nýtt skipulag Rafmagnsveitnanna. Það skipulag hefur verið endanlega staðfest af iðnaðarráðherra.

Rafmagnsveitustjóri er Kristján Jónsson. Forstöðumaður fjármálasviðs er Sveinbjörn Óskarsson og tæknisviðs Steinar Friðgeirsson. Svæðisrafveitustjórar eru þeir Ásgeir Þór Ólafsson, Vesturlandi, Sigurður Eymundsson, Norðurlandi vestra, Ingólfur Árnason, Norðurlandi eystra, Erling Garðar Jónasson, Austurlandi, og Örlygur Jónasson, Suðurlandi.

Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjum, Skeiðahreppi, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki, Sveinn Jónsson, Egilsstöðum.

RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Prentsmiðjan hefur verið eign ríkisins frá árinu 1930. Meqinverkefni fyrirtækisins hafa verið prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir. Starfsemin var með svipuðum hætti 1984 og undanfarin ár.

Rekstur 1984

Rekstrarafkoma var heldur verri árið 1984 en árið

áður eða um 2 m.kr. tap eftir að afskriftir höfðu verið reiknaðar, en þær náðu um 6 m.kr.

Verkfall Félags bókaherðarmanna (FBM) og svo síðar verkfall BSRB setti starfsemina verulega úr skorðum. Verkfall FMB stóð frá 10.09-22.10. eða í rúmar 6 vikur. Á miðju s.l. ári var tekin í notkun ný prentvél og haustið 1984 var hafin fjölritunarþjónusta. Á árinu 1985 eru áætluð frekari vélakaup sem og lagfæring á húsi prentsmiðjunnar utanhúss.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	<u>1984 kr.</u>	<u>1983 kr.</u>
Rekstrartekjur	50.618.648	44.888.000
Rekstrargjöld	(51.395.161)	(37.095.000)
Fjármagnsgjöld*	(1.249.343)	(6.861.000)
Hagnaður (Tap)	(2.025.856)	(912.000)
Eignir	50.388.726	43.514.000
Skuldir	11.381.921	8.594.000
Eigið fé	39.006.805	34.920.000

*Verðbreytingar-

færsla 613.942

Fjöldi starfsmanna um s.l. áramót var 76 og er það nánast sami starfsmannafjöldi og árið 1983. Ekki er búist við verulegum breytingum á fjölda starfsmanna á árinu 1985.

Á s.l. hausti skipaði iðnadarráðherra eftirtalin í hringja manna stjórn prentsmiðjunnar: Eggert G. Þorsteinsson, forstjóra, formann, Valgerði Bjarnadóttur, forstöðumann, og Hjört Hjartarson, gjaldkera. Forstjóri er Guðmundur Kristjánsson.

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa árið 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggir á lögum nr. 35/1948, sbr. lög nr. 71/1961. Verksmiðjan er að öllu leyti í eigu ríkisins. Hún lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Rekstur 1984

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 100.100 tonn, samanborið við 97.400 tonn árið 1983. Rekstrardagar ofnsins voru 336 og framleiðslan því 297,90 tonn á dag að meðaltali, eða heldur meiri en árið áður. Framleiðsla sements varð 113.900 tonn, en sala 118.393 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1984 í tonnum

	<u>1984</u>		<u>1983</u>	
	<u>Framl.</u>	<u>Selt</u>	<u>Framl.</u>	<u>Selt</u>
Portlandsement	99.500	101.957	102.052	97.486
Hraðsement	14.400	16.381	15.292	13.631
Pozzolansement	0	0	3.066	3.765
Hvítt sement, innfl.		55		65
Alls tonn	113.900	118.393	120.410	114.947

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	<u>Laust</u>	<u>Sekkjað</u>
Portlandsement	72.226	29.731
Hraðsement	13.831	2.550
Samtals	86.057	32.281
Skipting	72,7%	27,3%

Árið 1983 var sala á lausu sementi 70,9% og sekkjuðu 29,1%.

Verð á framleiðslu verksmiðjunnar hækkaði einu sinni um 8% og flutningsjöfnunargjald hækkaði einnig einu sinni um 18%. Hækkun frá ársbyrjun til ársloka var um 9%. Rekstur verksmiðjunnar stóð nokkurn veginn í járnum eins og fram kemur hér á eftir. Rekstrarhagnaður varð um 3,3 m.kr. Afskriftir námu um 65 m.kr.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 1984 voru 172 og hafði fækkað um 10 frá fyrra ári.

Helztu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	1984	1983
	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>
Rekstrartekjur	383.800	290.300
Rekstrargjöld	(350.500)	(282.900)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(30.000)	(9.900)
Hagnaður (Tap)	3.300	(2.500)
Eignir	509.600	437.600
Skuldir	280.300	260.900
Eigið fé	229.300	176.700

Rekstarhorfur 1985

Áætlað er að sementssala verði svipuð og árið 1984, en þó hefur salan fyrstu mánuði ársins reynzt talsvert meiri en áætlað var.

Gert er ráð fyrir að verðbreytingar á sementi á árinu verði talsvert minni en almennar verðlagsbreytingar í landinu, annað árið í röð, sem stafar fyrst og fremst af aukinni hagræðingu í rekstri.

Stærstu framkvæmdir á þessu ári eru í fyrsta lagi uppsetning vélbúnaðar sem staflar sementspokum á bretti og klæðir heisin með plasti og í öðru lagi að gera endurbætur á brennsluofni verksmiðjunnar. Í allt er áætlað að verja rösklega 20 m.kr. til fjárfestinga og framkvæmda, sem munu ventanlega auka framleiðni fyrirtækisins töluvert.

Á árinu 1984 fór fram úttekt á rekstri verksmiðjunnar á vegum Iðnaðarráðuneytisins sem ráðgjafafyrirtækið "Kaupþing" annaðist. Niðurstöður þeirrar úttektar eru í höndum iðnaðarráðherra og stjórnar verksmiðjunnar til umfjöllunar.

Stjórn

Á fundi Sameinaðs Alþingis í desember 1980 voru eftirtaldir kosnir í stjórn verksmiðjunnar fyrir tímabilið frá 6. febrúar 1981 til 6. febrúar 1985: Skúli Alexandersson, alþingismaður, formaður, Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, Daníel Ágústínusson, aðalbólkari, Friðjón Þórðarson, alþingismaður, og Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari.

Framkvæmdastjóri tæknimála er dr. Guðmundur Guðmundsson og framkvæmdastjóri viðskipta- og fjármála Gylfi Þórðarson.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Í 1. gr. frumvarpsins segir m.a.

"Ríkisstjórnin skal heita sér fyrir stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Heiti hlutafélagsins verði: Sementsverksmiðjan h.f. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a) Að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ.e. verksmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgiferi hennar, til hins nýja félags.
- b) Að láta fara fram nákvæmt mat á eignum

Semtsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um heildarhlutafjárhæð í hinu nýja hlutafélagi.

- c) Að ákveða fjárhæð hlutabréfa með það í huga að almenningur geti keypt hlut í félaginu.
- d) Að selja allt að 20% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Semtsverksmiðjunni á almennum markaði, á því verði sem ákveðst skv. b- og c-lið hér að framan."

SJÓEFNAVINNSLAN H.F., REYKJANESI

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum til hlutafélagsins.

Stjórn fyrirtækisins er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs, sem skipaðir eru af iðnaðar- og fjármálaráðherra að jöfnu, en iðnaðarráðherra skipar formann. Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að félaginu, sbr. þó tilnefningu fulltrúa í stjórn á aðalfundi.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á um 37% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Framleiðsla

Félagið hefur unnið að því að koma upp stórvirkum búnaði til þess að vinna salt, kalí og kalsíumklóríð úr söltu borholuvatni, sem fæst á staðnum. Auk þess hafa verið uppi áform um að vinna þarna ýmis önnur efni, sem tengjast slíkri framleiðslu, svo sem klór og vítissóta, natríum hypóklóríð og

saltsýru.

Framleiðslan fer þannig fram, að jarðgufa og saltvatn (jarðsjór) er fengið úr borholum. Til þess að vinna föst efni úr þessum salta vökva þarf eimingu. Hún fer fram í eimum, sem fá orku sína frá gufunni, og síðan má kristalla út salt í sérstökum tækjum eftir því sem við á um salttegund þá, sem vinna skál.

Nú er unnið síldar- og fisksalt í verksmiðjunni. Afköst eru 6-7 tonn af salti á dag eða rúm 2000 tonn á ári. Mikil eftirspurn var eftir síldarsalti s.l. haust og framan af vetri og seldist þá öll framleiðsla jafnóðum. Í febrúar s.l. hækkaði félagið verðið á fisksalti í kr. 2600 pr. tonn og hefur það selzt á því verði síðan þrátt fyrir að saltið sé nú um 20% dýrara en innflutt fisksalt.

Frankvæmdir 1984

Frankvæmdakostnaður félagsins á árinu 1984 nam alls um 40 m.kr., þar af var kostnaður við eimastöð um 20 m.kr. Eimastöðin hefur ekki verið gangsett enn, en hún er talin tilbúin til tilraunagangsetningar. Bráðabirgðatenging var sett á borholu 9 og lógn frá borholu 8 var fullfrágengin og einangruð. Gufurafstöð (0,5 MW) var tekin upp og skoðuð í fyrsta sinn og reyndist hún í eðlilegu ástandi. Þá var svonefnd utanborðshitun sett á saltframleiðsluönnu nr. 2 og hefur það reynzt vel. Í saltþönnuhúsi voru gerðar ýmsar lagfæringar. Engar framkvæmdir hafa átt sér stað síðan í október 1984.

Orka - fiskeldi

Félagið hefur yfir að ráða mjög mikilli orku eins og vitað er og hafa þar af leiðandi þorizt ýmsar fyrirspurnir um kaup á afgangsorku til fiskeldis.

Nýleqa gerði félagið nokkrum aðilum, sem hafa í hyggju að

reisa saman stóra fiskeldisstöð á Reykjanesi, tilboð um sölu á afgangssorku í ýmsu formi. Orka þessi er talin nema samtals 1,65 TWh á ári og hljóðaði tilboðið upp á 0,41 aur/kWh eða samtals um 67 m.kr. á ári. Tilboð þetta er nú í athugun.

Efnahagur og fjárhagsstaða

Efnahagur í árslok 1984:	1984	1983
	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>
Eignir	326000	210000
Skuldir	239000	151000
Eigið fé	87000	59000

Til glöggvunar á rekstri fyrirtækisins, er sýnd rekstraráætlun 1985 miðað við mismunandi forsendur. Áætlunin gerir ráð fyrir rekstri hvers áfanga fullbúnum frá upphafi árs, og rekstri í eitt ár.

	2000 tn.	4000 tn.	8000 tn.
	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>
Rekstrartekjur	5125	9725	18925
Rekstargjöld 1)	(15981)	(18759)	(20514)
Fjármagnstekjur (gjöld) 2)	(28776)	(30576)	(33576)
Haagnaður (Tap)	(39632)	(39610)	(35165)

1) Það skal tekið fram að í rekstrargjöldum eru afskriftir ekki meðtaldar, en þær hefðu numið um 19.500 þús.kr. við 2000 tonna áfangann, en um 20.500 þús.kr. við 4000 tonna áfangann og um 22.000 þús.kr. við 8000 tonna áfangann.

Hefðu afskriftir verið teknar með rekstrargjöldum hefði tapið við 2000 tonna áfangann numið allt að (59.132 þús.kr.), við hina áfangana hefði tapið verið eitthvað meira.

2) Í liðnum fjármagnstekjur (gjöld) er ekki reiknað með hugsanlegum gengismun, né er verðbreytingarfærsla reiknuð með.

Í lánsfjárlögum fyrir 1985 er gert ráð fyrir 50 m.kr. lántökuheimild fyrir félagið, þar af um 36,4 m.kr. til greiðslu afborgana og vaxta af eldri lánum og um 10 m.kr. til greiðslu rekstrarkostnaðar, en fyrirtækið tapar nú um 1,9 m.kr. á mánuði, þegar ekki er tekið tillit til vaxta og afskrifta.

Athuganir á fyrirtækinu

Að beiðni iðnaðarráðherra gerði Iðntæknistofnun Íslands úttekt á uppbyggingu og rekstrarhorfum fyrirtækisins. Skýrslu Iðntæknistofnunar um fyrirtækið var skilað um mánaðamótin september-október 1984. Í nóvember s.l. óskuðu 10 þingmenn eftir skýrslu um fyrirtækið og var Alþingi skilað skýrslu frá iðnaðarráðherra þar að lútandi í febrúar s.l.

Staða fyrirtækisins í dag og verkefni framundan

Að vonum hafa málefni Sjóefnavinnslunnar verið talsvert til umræðu á síðustu mánuðum, bæði í fjölmiðlum, á Alþingi og hjá stjórnvöldum. Hér er um að ræða tilrauna- og þróunarverkefni, sem ekki á sér hliðstæðu annars staðar í heiminum. Í raun er ekki um að ræða rekstur fyrirtækis á þessu stigi. Margt hefur reynzt mun torveldara í saltframleiðslunni en ætlað var í upphafi, m.a. með hliðsjón af árangri í tilraunaverksmiðju. Af þeim sökum, ásamt þróun í vaxta- og gengismálum, hefur stofnkostnaður stöðugt hækkað. Er nú svo komið að ekki er fyrirsjáanlegt að stofnkostnaður endurheimtist nema að mjög takmörkuðu leyti.

Ekki hefur náðst samstaða í stjórn fyrirtækisins varðandi framtíðarhorfur og framhald málsins. Meirihluti stjórnar hefur lagt til að lokið verði við byggingu 8 þús. tonna verksmiðju, en það er talið kosta allt að 40 m.kr. Minnihluti stjórnar hefur hins vegar lagt til að strax verði hætt við frekari uppbyggingu vegna saltframleiðslu og að leitað verði nýrra leiða til að nýta þá orku og aðstöðu sem fyrirtækið ræður yfir.

Fulltrúar Iðnaðarráðuneytisins í stjórn félagsins hafa eigi komið fram tillögum sínum um tafarlausa lokun saltverksmiðjunnar. Til mála miðlunar hefur iðnaðarráðherra fallið á að fyrirtækið starfi áfram næstu 5-6 mánuði, en á sama tíma verði jafnframt gerð lokatilraun til að kanna nýja möguleika á vegum félagsins á breiðari grundvelli en hingað til. Þessi stefna hefur m.a. verið gerð möguleg með nýjum lánsfjárlögum. Í þessu sambandi hefur stjórn félagsins ákveðið að ráða Magnús Magnússon, verkfræðing, framkvæmdastjóra til bráðabirgða, verkefni hans verður m.a.:

- Að kynna aðstæður á Reykjanesi og fyrirbyggjandi upplýsingum.
- Að ræða við aðila sem kannað hafa möguleikann á að nýta lág- og háhita, s.s. Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Háskóla Íslands, Veiðimálastofnun, Stóriðjufélag, Battell Memoril Institut (í USA), o.fl.
- Gerð kynningarbæklings um almennar aðstæður og möguleika Sjóefnavinnslunnar h.f. og nágrennis.
- Skipuleg leit að möguleikum, og samstarfsaðilum.
- Að skrá möguleika og meta verðgildi orkunnar.
- Úrvinnsla möguleika og byrjunarviðræðna við hugsanlega samstarfsaðila, notendur, framleiðendur, seljendur.
- Frumkönnun á 2-3 áhugaverðustu kostunum, gróft arðsemismat.
- Að skila tillögum til stjórnar og eigenda félagsins um framhald.

Iðnaðarráðherra hefur nýlega kannað möguleika á að fá Verkfræðistofnun Háskólans til að gera hlutlaust mat á uppbyggingar- og rekstrarhorfum saltvinnslu á Reykjanesi. Samkvæmt tilboði VHI er áætlaður kostnaður slíkrar úttektar um 4,5 m.kr. Samkomulag um þessa aðferð náðist ekki við fjármálayfirvöld. Þess vegna ákvað iðnaðarráðherra í samráði við stjórnarmenn sína að fela nýjum framkvæmdastjóra að endurskoða fyrri áætlanir félagsins og leita að nýjum

framleiðslumöguleikum. Gert er ráð fyrir að hann geti leitað til Háskóla Íslands og annarra aðila í því sambandi.

Endanleg ákvörðun um framtíð og stefnu félagsins verður tekin í síðasta lagi á aðalfundi þess nú í haust (1985).

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1985 eru: Guðmundur Malmquist, formaður, skipaður af iðnaðarráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af fjármálaráðherra, Ingjalður Hannibalsson, skipaður af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega. Aðrir í stjórn eru Gunnar Sveinsson og Björgvin Gunnarsson. Framkvæmdastjóri er Finnboqi Björnsson.

STEINULLARVERKSMÍÐJAN H.F.

Með lögum nr. 61 frá 4. júní 1981, um steinullarverksmiðju, var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.

Á fundi ríkisstjórnarinnar, hinn 25. maí 1982, var samþykkt svofelld tillaga: "Með tilvísun til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstjórnin fyrir sitt leyti, að steinullarverksmiðja rísi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagssins h.f. í samræmi við meginhugmyndir, sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað."

Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna h.f. og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenska ríkisins. Hluthafar voru íslenska ríkið með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið h.f. með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um, að hann myndi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagssins með hliðsjón af skilyrðum ríkisins. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga,

Samband ísl. samvinnufélaga og Oy Partek ab, Finnlandi, að gerast hluthafar í félaginu.

Hluthafar í Steinullarverksmiðjunni h.f. eru því nú:

	<u>Hlutafé kr.</u>	<u>%</u>
Íslenzka ríkið	35.991.000	40,00
Steinullarfélagið h.f.	23.977.000	26,64
Samband ísl. samvinnufélaga	14.790.000	16,44
Kaupfélag Skagfirðinga	4.930.000	5,48
Oy Partek ab, Finnlandi	<u>10.290.000</u>	<u>11,44</u>
Samtals	89.978.000	100,00

(Upphæðir eru miðaðar við verðlag í febrúar 1985).

Stærsti hluthafinn í Steinullarfélaginu h.f. er Sauðárkrókskaupstaður, en hluthafar eru alls 324 talsins, einstaklingar og fyrirtæki.

Um síðustu áramót nam innborgað hlutafé um 70%. Eftirstöðvar hafa verið innkallaðar á fyrri hluta ársins 1985.

Auka þarf hlutafé í verksmiðjunni um kr. 12.200.000 til að heildarhlutafé nái 30% stofnkostnaðar. Hlutur ríkisins í aukningunni nemur 40% eða kr. 4.880.000. Sú aukning rúmast innan ramma lagaheimildar.

Stofnkostnaður og fjármögnun

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er þannig áætlaður í febrúar 1985:

Byggingar	103.951.000 kr.
Vélar	195.426.000 "
Annar kostnaður	<u>41.255.000 "</u>
Samtals	340.632.000 kr.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að ábyrgjast 25% af

nauðsynlegum stofnlánum og hefur verið ákveðið að nýta þá heimild. Ábyrgð ríkisins er nauðsynleg vegna erlendra lána, sem tekin verða á árinu 1985.

Fjöldi starfsfólks er áætlaður 28 manns fyrsta starfsárið en verður um 40 við full afköst.

Í arðsemisútreikningum er gengið út frá tilboði Ríkisskip um flutning á steinull innanlands.

Markaður

Áætlað er að notkun einangrunar árið 1984 hafi verið 136.000 m³. Reiknað er með aukningu vegna breyttrar byggingareglugerðar á árinu 1984 og átaks í endureinangrun, sem er að hefjast á árinu 1985, og nemur samtals um 30.000 m³ á næstu árum, miðað við svipaða byggingastarfsemi.

Gert er ráð fyrir að verksmiðjan nái á 4 árum að mestu þeim markaði, sem nú er þjónað með innfluttum einangrunarefnum. Þetta samsvarar um 70% markaðshlutdeildar og 3.800 tonna sölu á steinull.

Framkvæmdir

Byggingafrankvæmdir eru á lokastigi. Í byrjun marz 1985 hófst uppsetning véla og er gert ráð fyrir að verksmiðjan verði gangsett í ágúst n.k.

Rekstrarskilyrði

Nokkrar breytingar hafa orðið á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar við arðsemisáætlanir í upphafi.

Glerull hefur haldið áfram að lækka í verði vegna saadráttar og stöðnunar á einangrunarmarkaði á Norðurlöndum.

Raunvextir hafa farið mjög hækkandi á undanförunum misserum. Þessi hækkun kemur sér mjög illa fyrir verksmiðjuna þar sem um mjög fjármagnsfrekan iðnað er að ræða.

Þróun verðlags og gengis, síðast á árinu 1984 og í byrjun árs 1985, hefur einniq haft þau áhrif á fjárfestingar, að erfitt verður að ná endum saman í fjárfestingunni.

Þróun einangrunarmarkaðar hefur hins vegar verið jákvæð. Spár um átak í endureinangrun eldra húsnæðis og hertar reglur um einangrun nýbygginga hafa staðizt og gefa þessar aðgerðir ástæðu til að reikna með aukinni notkun einangrunar.

Byggingar hafa reynzt dýrari en ráð var fyrir gert í upphafi og veldur það nokkrum erfiðleikum í fjármögnun framkvæmda.

Arðsemi verksmiðjunnar, miðað við þessar nýju forsendur, er vel viðunandi, en sjóðsstreymi verður neikvætt fyrstu þrjú árin. Ráðgert er að mæta þeim vanda með tilfærslu afborgana af útflutningslánum vegna vélakaupa.

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1985 eru Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra og Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Aðrir stjórnarmenn eru: Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, formaður, Ólafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri, Pentti Ljungqvist, framkvæmdastjóri, Snorri Egilsson, framkvæmdastjóri, og Stefán Guðmundsson, alþingismaður.

Framkvæmdastjóri er Þorsteinn Þorsteinsson.

Aðalfundur Steinullarverksmiðjunnar 1985 verður haldinn í byrjun júní.

ÞÖRUNGAVINNSLAN H.F., REYKHÓLUM

Fyrirtækið starfar samkvæmt lögum nr. 107/1973.

Rekstrarform þess er hlutafélag með lögboðinni meirihlutaáðild ríkisins. Ríkissjóður á nú um 97% hlutafjár. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. Iðnaðarráðherra fer með málefni, er varða eignaraðild ríkisins að félaginu. A.m.k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn félagsins skulu vera búsettir í Austur-Barðastrandarsýslu.

Við stofnun félagsins var heimilað í lögum að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til byggingar verksmiðjunnar, ennfremur var ríkisstjórninni heimilað að láta reisa og reka hitaveitu, leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði og styrkja byggingu hafnar fyrir verksmiðjuna.

Starfsemi

Í fyrri skýrslu var rætt um byrjunarerfiðleika í rekstri fyrirtækisins, riftun skozka fyrirtækisins Alginate Industries Ltd. á markaðssamningi árið 1980. Þessi atriði verða ekki rakin aftur, heldur greint frá því hvernig starfseminni er háttað.

Starfsemi Þörungavinnslunnar h.f. er fólgin í öflun, vinnslu og sölu þörungamjöls. Þörungar, sem aflað er, eru aðallega klóþang (ascophyllum nodosum), hrossabari (laminaria digitata) og smávegis af sölvum (palmaria palmata). Þangs er aflað með þeim hætti að bændur og fleiri aðilar við Breiðafjörð slá þangið með sláttuprómmum sem eru í eigu Þörungavinnslunnar h.f. Þangið er slegið víða um fjörðinn, allt frá Brjánslæk að norðan og vestan, inn eftir og út undir Stykkishólm að sunnanverðu. Einnig er slegið þang víða við eyjar og sker. Þangið er sótt til sláttumanna á vélskipinu

Karlsey, sem flytur það til verksmiðjunnar. Sláttumenn leigja þræmmana af verksmiðjunni og fá greitt ákveðið verð fyrir hvert tonn af öfluðu þangi. Þarans er aflað á Karlsey með þeim hætti að skipið dregur á eftir sér sérstaka þarakló, sem rífur upp hrossaparann. Söl hafa verið tínd með höndum, sett í þoka og flutt til verksmiðju.

Öflun og vinnsla

Öflun var eftirfarandi:

	<u>1984</u>		<u>1983</u>	
Þang blautt	16.213	tonn	13.966	tonn
Þari blautur	610	"	1.785	"
Söl blaut	7,2	"	6,5	"

Í upphafi árs 1984 var hafizt handa við ýmsar endurbætur.

Karlsey, skip fyrirtækisins, fór í gagngera viðgerð, m.a. til að mæta kröfum um sjóhæfni. Jafnframt voru þangskurðarþræmmar, vélar og tæki verksmiðjunnar yfirfarin rækilega. Endurnýjaður var að hluta mölunar- og sigtishúnaður. Þaraöflun og vinnsla var af þessum sökum engin á vormánuðum.

Fyrsta þanginu var landað 25. apríl og öfluðust á sumarvertíðinni 16.213 tonn af blautu þangi eða 16% meira en 1983. Þangvertíð stóð fram til 24. október eða í slétta 6 mánuði. Þangskurður gekk það vel að stöðva þurfti skurð á stundum þar sem verksmiðjan hafði ekki undan. Hjálpaðist tvennt við að ná þessum árangri, þ.e. betra ásigkomulag skurðartækja og góð tíð.

Að lokinni þangvertíð fór Karlsey í slipp en hóf síðan þaraöflun.

Framleiðsla og sala árið 1984

	<u>Framl.</u>		<u>Selt</u>		<u>Verð (í þús.kr.)</u>
Þangmjöl	4.050	tonn	4.280	tonn	36.543
Þaramjöl	66	"	239	"	5.543
Til samanb. 1983					
Þangmjöl	3.500	"	3.210	"	24.543
Þaramjöl	160	"	208	"	3.299

Það er ljóst að Þörungavinnslan h.f. hefur unnið mikið átak í sölumálum sem sést best á því, að á árinu 1984 seldi fyrirtækið afurðir sínar til 26 aðila í 14 löndum.

Rekstur

Verulegt tap var á rekstri fyrirtækisins árið 1984.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi var:

	<u>1984 þús.kr.</u>	<u>1983 þús.kr.</u>
Rekstrartekjur samtals	45.821	31.497
a) af rekstri	42.451	28.127
b) skaðabætur	3.370	3.370
Rekstrargjöld	(52.076)	(35.456)
Fjármagnsgjöld	(14.901)	(7.068)
Hagnaður (Tap)	(21.156)	(11.027)
Eignir	62.011	55.641
Skuldir	95.517	61.666
Eigið fé (neikvætt)	(33.506)	(6.025)

Starfsmenn eru að jafnaði 30 manns.

Horfur

Þó að útkoma ársins 1984 hafi ekki verið eins og menn höfðu áætlað hefur rekstri verið haldið áfram, m.a. vegna

eftirfarandi atriða:

1. Batnandi sölufur á þangmjöli.
2. Hækkað verð á þangmjöli.
3. Bætt rekstraröryggi í öflun og vinnslu.
4. Frekari vinnsla mjölsins sem skilar herra verði.

Það er engu að síður staðreynd að skuldir fyrirtækisins eru orðnar það miklar að óverjandi er að reka það áfram án aðgerða. Stofnlán fyrirtækisins eru í dollurum og hafa því hækkað í samræmi við breytingar dollarans gagnvart króunni. Ennfremur er um að ræða lausaskuldabætur vegna taprekstrar undanfarinna ára. Ljóst er að róttækar ráðstafanir verður að gera í fjármálum og rekstri fyrirtækisins ef stefnt er að áframhaldandi starfsemi þess.

Á vegum lónaðarráðherra hefur verið unnið að því að kanna möguleika á því, að nýtt hlutafélag á vegum heimamanna í Austur-Barðastrandarsýslu yfirtaki rekstur Þörungavinnslunnar, annaðhvort með kaupum eða leigu. Lónaðarráðherra kynoti þessa stefnu á fundi á Reykhólum seinni part apríl. Á fundinum var samþykkt tillaga um stofnun hlutafélags á vegum heimamanna til kaupa eða leigu á Þörungavinnslunni h.f. Í byrjun maí lagði lónaðarráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um þörungavinnslu við Breiðafjörð, vegna heimildar til sölu eða leigu á eignum félagsins. Málið hefur ekki verið afgreitt þegar þetta er skrifað, en vonast er til að sú yfirlýsing sem stefnt er að geti átt sér stað á árinu.

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1985 eru: Vilhjálmur Líðvíksson, formaður, Vilhjálmur Egiilsson, Aðalsteinn Jóhannsson. Aðrir eru: Ingi Garðar Sigurðsson, Ólafur L. Ólafsson. Framkvæmdastjóri Þörungavinnslunnar h.f. er Kristján Þór Kristjánsson.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNADARINS

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) starfar samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965. Stofnunin er sjálfstæð og heyrir undir Iðnaðarráðuneytið. Aðsetur stofnunarinnar er að Keldnaholti. Starfsemin er í meginatriðum á eftirfarandi sviðum:

Húsoyggjatekni, vegagerðar- og jarðtekni, steinsteypa, kostnaður - vinnurannsóknir, jarðfræði, fræðsla og útgáfa, rannsóknastofa - þjónusturannsóknir.

Starfsemi stofnunarinnar má í grófum dráttum flokka þannig: Þjónusta 48%, rannsóknir 31%, ráðgjöf 21%.

Rekstur 1984

Við stofnunina eru 36 fastar stöduheimildir, en einnig er heimild til verkefnabundinna ráðninga.

Heildarvelta var 24,8 m.kr. sem að 50% var aflað með eigin tekjum stofnunarinnar og 50% með fjárveitingu frá ríkissjóði. Er þetta hæsta hlutfall eigin tekna frá upphafi.

Í reikningum stofnunarinnar fyrir árið 1984 má sjá að sértekjur námu 12.326 þús.kr., rekstrargjöld námu 22.922 þús.kr., viðhaldsgjöld námu 696 þús.kr., stofnkostnaður 1.147 þús.kr. Samtals gjöld umfram sértekjur 12.439 þús.kr.

Stjórn

Samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 64/1965 var stjórnin skipuð til fjögurra ára, frá 21. júní 1984.

Stjórnarmenn eru:

Eðgar Guðmundsson, verkfræðingur, formaður, Gunnar Björnsson, byggingameistari, og Halldór Jónsson, verkfræðingur.

Forstjóri árið 1984 var Haraldur Ásgeirsson.

ORKUSTOFNUN

Hlutverk Orkustofnunar er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 annars vegar að vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál og hins vegar að rannsaka orkulindir landsins og orkubúskap þjóðarinnar. Þetta tvíþætta hlutverk samtvinnast með þeim hætti, að rannsóknirnar eru undirstaða ráðgjafastarfsins. Rannsóknir á orkulindunum, vatnsorku og jarðhita, eru jafnframt undirstaða undir nýtingu þeirra. Á grundvelli rannsóknanna er valið úr þeim virkjunarkostum, sem til greina koma, og þeir kostir kannaðir ítarlega sem vænlegastir þykja.

Orkustofnun verður mjög að líta til langs tíma í rannsóknum sínum, svo að nægur tími gefist til að kanna allar vænlegar leiðir og valið á þeim, sem til framkvæmda koma, geti farið fram á traustum grundvelli. Fram til þess tíma að kostur er valinn til virkjunar ber Orkustofnun sjálf kostnaðinn við rannsóknirnar með fjárveitingum, sem hún fær á fjárlögum, en eftir það ber sá kostnaðinn sem fyrir virkjun stendur, enda þótt Orkustofnun hafi hluta þeirra framkvæmda oft með höndum. Þær eru þá unnar af stofnuninni sem reikningsverk fyrir virkjunaraðila. Þeir eru einkum Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins á vatnsorkusviðinu, en stærstu hitaveiturnar, svo sem Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Akureyrar, svo og Kröfluvirkjun (þ.e. Rafmagnsveitur ríkisins), á jarðhitasviðinu.

Þeir rannsóknarættir, sem Orkustofnun annast sjálf alfarið og eru undanfari vals á virkjunarkostum, nefnast forathuganir og forhönnunarrannsóknir. Þeir eru einnig nefndir eigin verk stofnunarinnar vegna þess að hún kostar þá sjálf af fjárveitingum. Hinir rannsóknarættirnar, sem fylgja í kjölfar valsins, nefnast verkhönnunarrannsóknir, og fara fram til undirbúnings svonefndri verkhönnun orkumannvirkisins, þ.e.

lokaákvörðun um gerð einstakra hluta þess, og til undirbúnings verkúthóða. Þessi verk eru jafnframt oft nefnd söluverk því að Orkustofnun selur virkjunaraðilum þessar rannsóknir.

Þessir síðartöldu rannsóknarættir, verkhönnunar- og úthóðsrannsóknir, eru dýrasti hluti undirbúningsrannsókna undir virkjun vatnsorku og jarðhita. Kostnaður við þá nemur oft yfir 80% af kostnaðinum við undirbúningsrannsóknirnar í heild; en kostnaður við forathugun og forhönnun, sem Orkustofnun ber sjálf, undir 20%.

Þrátt fyrir þessa aðgreiningu í bætti eru undirbúningsrannsóknir undir virkjanir vatnsorku og jarðhita samfelld heild, þar sem síðari þættirnir eru reistir á hinum fyrri. Þetta eru meira og minna sameiginleg einkenni rannsóknastarfsemi af hvaða tagi sem er. Forathuganir og forhönnunarrannsóknir eru undirstaða verkhönnunarrannsókna. Ljóst er, að miklu máli skiptir að þættirnir haldist í hendur, undirstaða sé fyrir hendi þegar byggja þarf á henni. Að öðrum kosti getur yfirbyggingin, verkhönnun, útbóð og framkvæmd virkjunar, tafist.

Starfsemin 1984

Vatnsorka

Á sviði vatnsorkurannsókna var 1984 unnið að rannsóknum í Jökulsánum í Skaqafirði, Þjórsá neðan Búrfells, Efri-Þjórsá (h.e. ofan ármóta við Tunqnaá), Hvítá í Árnessýslu, Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, Jökulsá á Dal, Markarfljóti og Síðuvötnum. Hér er alls staðar um að ræða forathuganir þær og forhönnunarrannsóknir sem vikið er að hér að framan og Orkustofnun kostar af fjárveitingum sínum. Þessu til viðbótar vann stofnunin fyrir eigin fjárveitingar að ýmsum almennum verkefnum vatnsorkurannsóknar svo sem vatnamælingum og aurburðarmælingum víðs vegar um land, með svipuðum hætti og áður. Vatnshæðarmælistöðvar eru um 150 á landinu. Lögð var aukin áherzla á vetrarmælingar á hálendinu.

Auk þess sem að framan er talið voru unnin mörg söluverk fyrir Landsvirkjun á sviði vatnsorkurannsókna. Þau teljast með síðari rannsóknarþáttunum sem að framan voru taldir. Helztu söluverkin tengdust Kvíslaveitu, Sultartangavirkjun, stækkun Búrfellsvirkjunar, Vatnsfellsvirkjun, Búðarhálsvirkjun, Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, vatnsborðshækkun í Þórisvatni, Bjallavirkjun og jarðfræðikortlagningu á virkjunarsvæðum við Þjórsá og Tunqnaá og á Fljótsdalsheiði. Síðasttalda verkið, jarðfræðikortlagningin, er samvinnuverk Orkustofnunar og Landsvirkjunar, og er kostnaði við það skipt milli þeirra.

Auk ofangreindra söluverka fyrir Landsvirkjun vann Vatnsorkudeild Orkustofnunar ýmis smærri söluverk fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, svo og fyrir ýmsa utan orkugeirans, svo sem líkanatilraunir fyrir Hafnamálastofnun, athuganir á öflun vatns fyrir vatnsveitur og fyrirtæki á sviði fiskeldis, athuganir á frárennsli vegna menngunarhættu fyrir Kísiliðjuna og fleiri og staðarvalsathuganir fyrir Staðarvalsnefnd Iðnaðarráðuneytisins.

Jarðhiti

Af eigin verkefnum, þ.e. forathugunum og forhönnunarverkum á sviði jarðhitarannsókna á árinu 1984, má nefna forathuganir á Trölladyngju-Krísuvík; lokaskýrslu um skjálftarannsóknir á Hengilssvæðinu sem unnar voru í samvinnu við Hitaveitu Reykjavíkur og Raunvísindastofnun Háskólans á undanförunum 7 árum; skýrslu um yfirborðsrannsóknir á Þeistareykjum, en það svæði er nú tilbúið til borunar; tilraunir með niðurdælingu affallsvatns á Svartsengi (í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja, sem kostar verkefnið að hluta); forathugun á háhitasvæði í Öxarfirði, sem unnin var fyrir sérstaka fjárveitingu á fjárlögum í því skyni; tilraun með varmadælu, í samvinnu við Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins; haðkvæmniathuganir á jarðhitanýtingu fyrir sveitarfélög og einstaklinga; athugun á

hagkvæmni samvinnslu á háhitavarma til laxeldis og raforkuvinnslu; rannsóknir á eðli magnesíumsilikatútfellinga við hitun á fersku vatni; athuganir á því hvaða jarðhitabættir hafi einkum áhrif á eðlisviðnám bergs; þróun tölvuforríta til úrvinnslu úr jarðhitamælingum og aðlögun erlends forrítis til líkanareikninga á háhitasvæðum.

Áfram var unnið að húshitunaráætlun í samvinnu við Rafmagnsveitur ríkisins og verkefningu lokið á árinu 1984.

Af verkefnum er varða orkulindir á hafsbotni má nefna, að á árinu kom út lokaskýrsla um rannsóknarholu í Flatey; lagður var grunnur að tölvutækum gagnabanka á Orkustofnun fyrir hafsbotnsmæligögn, og unnið að undirbúningi undir þátttöku í rannsóknum 1985 á Jan Mayen hryggnum, sem fram fara í samvinnu Norðmanna og Íslendinga.

Seld þjónusta á sviði jarðhita 1984 var mikil eins og áður. Verkkaupar voru nokkrir hinir sömu en sumpart nýir. Stærsta verkið var rannsókn á Nesjavöllum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Af öðrum verkefnum má nefna vinnslueftirlit í Mosfellssveit og Reykjavík, einnig verk fyrir Hitaveitu Reykjavíkur; rannsóknir í Svartsengi og úrvinnslu gagna frá borunum í Fldvörpum fyrir Hitaveitu Suðurnesja; úrvinnslu eldri mælinga, vinnslueftirlit og ráðgjöf vegna Kröfluvirkjunar, fyrir Rafmagnsveitur ríkisins; vinnslueftirlit og lokafrágang mælinga fyrir Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi; vinnslueftirlit í Bjarnarflaqui fyrir Jarðvarmaveitur ríkisins; rannsóknir og úrvinnslu eldri gagna fyrir Hitaveitu Seltjarnarness; eftirlit með vatnsvinnslu og efnainnihaldi vatnsins fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella; vinnslueftirlit og skýrslugerð um stöðu vinnslusvæða og framtíðarhorfur í orkuöflun fyrir Hitaveitu Akureyrar og ráðgjöf og ýmiss konar mælingar fyrir m.a. hitaveitur Selfoss, Rangæinga, Svalbarðseyrar og Hríseyjar.

Á árinu var í ríkari mæli en áður veitt ráðgjafar- og rannsóknarþjónusta varðandi nýtingu jarðhita til fiskeldis.

Voru unnin verkefni á þessu sviði m.a. fyrir Hólalax, Fljótalax, Íslax h.f., ISNO, Íslandslax, Fiskeldi Grindavíkur í Húsatóftum og Fjárfestingarfélagið.

Nýmæli er, að á árinu 1984 vann Jarðhitadeild Orkustofnunar í samvinnu við Virki h.f. að tveimur jarðhitaverkefnum í Grikklandi, þ.e. ráðgjöf og eftirlit með vinnslu jarðhita og losun affallsvatns á eyjunni Milos í Eyjahafi og svipað verkefni á eyjunni Nisyros, einnig í Eyjahafi.

Auk þess hafa verið gerð tilboð, í samvinnu við Virki h.f., í jarðhitaverkefni í Eþíópíu og Norður-Jemen, og viðræður hófust um sams konar verkefni í Kenýa á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Jarðhitaskóli HSP var rekinn með svipuðum hætti og áður. Styrkþegar voru 8: frá Burundi (1), Costa Rica (1), Eþíópíu (2), Kína (3) og Thailandi (1). Að auki komu 3 til skólans til styttri dvalar, 2-3 mánuði. Þeir voru frá Indlandi, Svíþjóð og Vestur-Þýzkalandi, einn frá hverju landi. Einnig komu yfirmenn jarðhitamála í orkumálaráðuneytum Kenýa og Nicaragua í stuttar kynnisferðir.

Stjórnarsýsla

Iðnaðarráðherra skipar stjórn Orkustofnunar til eins árs í senn. Stjórnina skipa þrír menn. Árið 1984 áttu sæti í stjórninni: Jónas Elíasson, prófessor, formaður, Valdimar K. Jónsson, prófessor, Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri.

Orkumálastjóri er Jakob Björnsson.

Orkustofnun skiptist í fjórar deildir:

Stjórnarsýsludeild, forstöðumaður Gunnlaugur Jónsson.

Vatnsorkudeild, forstöðumaður Haukur Tómasson.

Jarðhitadeild, forstöðumaður Guðmundur Pálmason.

Orkubúskapardeild, deildarstjóri Jón Vilhjálmsson.

Orkustofnun annast rekstur Jarðborana ríkisins og Jarðvarmaveitna ríkisins, samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Með bréfi, dags. 10. ágúst 1983, fól iðnaðarráðherra Hagvangi h.f. að framkvæma úttekt á skipulagi og rekstri Orkustofnunar og leita leiða til bætts skipulags og aukinnar hagkvæmni í rekstri.

Í framhaldi af skýrslu Hagvangs, sem út kom í júlí 1984, var unnið með stjórn Orkustofnunar, orkumálastjóra og stjórnendum deilda að framkvæmd einstakra tillagna.

Rekstur og fjármál 1984

Samkvæmt meðfylgjandi rekstraryfirliti námu útgjöld á árinu alls rúmum 124 milljónum króna samanborið við tæpar 116 milljónir árið áður. Hækkun milli ára nam 7,2% á sama tíma og vísitala vöru og þjónustu hækkaði um 30,3% milli ára. Raunvirði útgjalda Orkustofnunar lækkaði því nær um fimmtung milli ára.

Að raunvirði á verðlagi ársins 1984 hækkuðu eigin tekjur Orkustofnunar úr 15 milljónum 1974 í um 90 milljónir 1982. Eftir það hafa sértekjur minnkað vegna minnkandi söluverkefna til raforkuframleiðenda.

Á árinu 1984 námu sértekjur um 50 milljónum króna. Við samanburð verður þó að hafa í huga að á árinu 1982 nam útlagður kostnaður vegna söluverka nær 20 m.kr., að mestu vegna vinnubúða við Blöndu. Þessi kostnaður var endurheimtur og er

talinn með eigin tekjum Orkustofnunar. Endurheimtur kostnaður er ekki talinn með í yfirlitinu fyrir árið 1984.

Rekstrarreikningur 1984

<u>Rekstrartekjur</u>	1984	1983
	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>
Fjárveiting til Orkustofnunar	74.720	67.506
Sértekjur:		
Framlög til Háskóla S.Þ.	6.013	3.236*
Sérverkefni fyrir Orkusjóð og		
Iðnaðarráðuneytið	3.400	4.557
Seld þjónusta önnur	32.286	33.999
Ýmsar tekjur	7.799	4.579
Endurheimt útgjöld	<u>-</u>	<u>2.028</u>
	124.218	115.905

Rekstrargjöld

Rekstur Stjórnarsýsludeildar	(23.941)	(19.790)
Rekstur Vatnsorkudeilar	(41.773)	(37.657)
Rekstur Jarðhitadeildar	(50.491)	(47.511)
Viðhaldskostnaður	-	(1.187)
Gjaldfærður stofnkostnaður	<u>(8.042)</u>	<u>(9.812)</u>
	(124.247)	(115.957)

Nokkur samdráttur varó í starfsmannahaldi Orkustofnunar á árinu og fækkaði ársverkum úr 149,5 árið 1983 í 145,0 árið 1984. Fastráðnir starfsmenn unnu 90 ársverk, verkefnaráðnir 26 ársverk, en sumarvinnufólk og annað lausráðið starfsfólk 29 ársverk.

Yfirlit yfir starfsmannahald (ársverk) Orkustofnundar deildum árið 1984:

	Vatns- orku- deild ¹⁾	Jarð- hita- deild ²⁾	Stjórn- sýslu- deild	Samtals
Ótímabundin ráðning	32,5	36,25	21,0	89,75
Verkefnaráðning	9,6	12,5	4,0	26,1
Samtals	42,1	48,75	25,0	115,85
Lausráðið starfsfólk	14,1	12,95	2,1	29,15
ALLS	56,2	61,7	27,1	145,0
Starfsmenn 1983 ALLS	58,5	63,0	28,0	149,5

1) Inniheldur Orkubúskapardeild.

2) Inniheldur Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Fjárhagsáætlun ársins 1985

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 26% hækkun í útgjöldum milli ára, sem er svipuð hækkun og áætluð verðbólga ársins. Margt bendir þó til að verðhækkanir verði nokkru meiri á árinu. Hækkunin er misjöfn eftir deildum, mest 34% á Jarðhitadeild, 22% á Stjórnarsýsludeild en aðeins 18% á Vatnsorkudeild. Fjárhagsáætlunin endurspeglar þá þróun sem er í sértekjum deildanna en reiknað er með samdrætti í verksölu Vatnsorkudeildar en nokkurri aukningu í verksölu Jarðhitadeildar, einkum við áframhaldandi rannsóknir og boranir í Henglinum en einni í verkefnum erlendis.

Fjárhagsáætlun Orkustofnunar 1985: (þús.kr.)

	<u>Stjórn- sýrslu- deild</u>	<u>Vatns- orku- deild</u>	<u>Jarð- hita- deild</u>	<u>Alls</u>	<u>Alls 1984</u>
Laun	14479,0	28358,0	40577,0	83414,0	67965,0
Rekstur	12783,0	19864,0	26195,0	58842,0	48240,0
Stofnkostr.	1000,0	1104,0	2200,0	4304,0	8042,0
Samtals	28262,0	49326,0	68972,0	146560,0	124247,0
Heildargjöld					
1984	(24836)	(44327)	(55024)	(124187)	
Óráðstafað					
á deild	1438,0	2116,0	3449,9	7003,0	
Óráðstafað					
óskipt	575,0	1012,0	1379,0	2966,0	
Heildargjöld	30275,0	52454,0	73800,0	156529,0	124247,0
Fjárveiting	17762,6	39453,7	40107,8	97324,0	74720,0
Háskóli S.Þ.			8220,0	8220,0	6013,0
Sértekjur					
(áætlað)	12513,0	13000,0	25472,0	50985,0	43485,0
Heildar- tekjur	30275,6	52453,7	73799,8	156529,0	124218,0
Hækkun milli ára				26%	

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Iðntæknistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 41 frá 6. maí 1978, en með þeim lögum voru Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins sameinaðar í Iðntæknistofnun Íslands. Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun, undir yfirstjórn Iðnaðarráðuneytisins.

Stjórn

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar, 1 fulltrúa

án tilnefningar en 4 samkvæmt tilnefningum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og Alþýðusambands Íslands. Til 1. október 1984 voru í stjórninni Guðrún Hallgrímsdóttir, verkfræðingur, formaður, Páll Kr. Pálsson, deildarstjóri, Steinar Steinsson, tæknifræðingur, Guðjón Jónsson, járnsmiður, og Sigríður Skarphéðinsdóttir, iðnverkakona. Ný stjórn stofnunarinnar var skipuð hinn 1. október 1984: Gunnar Scheving Thorsteinsson, verkfræðingur, formaður stjórnar, en stjórnin eru að öðru leyti eins skipuð og áður. Forstjóri skipaðar af iðnaðarráðherra til 31. janúar 1987, er dr. Ingjaldur Hannibalsson, iðnverkfræðingur.

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands á árinu 1984

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands skiptist í nýiðnaðarrannsóknir á sviði raforku og jarðvarma og iðntækniþjónustu á sviði efnaiðnaðar og trúnaðar og er stofnunin deildaskipt samkvæmt því. Ný deild, Rekstrartæknideild, tók til starfa í byrjun árs 1984. Hún starfar þverfaglega í samvinnu við aðrar deildir og sama gildir um Staðladeild, bókasafn, útgáfu og almenna skrifstofu. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í iðnaði og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda.

Nýiðnaðardeild vann á árinu 1984 að ýmsum verkefnum varðandi nýtingu orkulinda. Meðal annars tók deildin þátt í fjölþjóðlegu verkefni bandarísku rannsóknastofnunarinnar Batelle um nýtingu jarðvarma í iðnferlum og vann með þremur öðrum rannsóknastofnunum að tillögugerð um verkefni á sviði líftækni: ensímvinnslu úr íslenskum hráefnum. Þá vann deildin að könnunum á sviði kísilefna, zeólíta og fleiri verkefnum í efnistækni og gerði úttekt á rekstri og framtíðarmöguleikum sjóefnavinnslu. Hafið var þriggja ára rannsóknaverkefni á sviði himnusíunar og háþrýstivökvadráttar, sem styrkt er af Norræna iðnaðarsjóðnum.

Þjónustudeildir stofnunarinnar inntu sem fyrr af höndum margs konar þjónustu við starfandi iðnfyrirtæki og fleiri aðila, m.a. gæðaeftirlit, prófanir, ráðgjöf, þjálfun og útvegum staðla. Lagður var grunnur að gæðamati og eftirliti með gagnfúavörn og húsgagnasmíði. Stofnunin stóð fyrir fjölmörgum námskeiðum, fundum og námsstefnum um tæknileg og stjórnunarleg málefni og efnt var til hópferða á áhugaverðar sýningar erlendis. Þá skipulagði stofnunin hópferð til Singapore, Hong Kong og Japans til að kynnast aðferðum þessara þjóða við að byggja upp háþróaðan iðnað á stuttum tíma. Nokkrar skýrslur um niðurstöður kannana komu út á árinu auk "ITÍ-frétta" ásamt sérsíðum fyrir einstakar iðngreinar. Lokið var smáfyfirtækjaverkefninu "Taktu þér tak" á vegum SIL (Samstarfsnefndar um iðnþróun í landshlutunum), sem Iðntæknistofnun átti aðild að, og hefur stofnunin síðan unnið að undirbúningi svipaðrar starfsemi með iðnráðgjöfum einstakra landshluta. Gerður var samningur við "Opfinderkontoret" í Danmörku um þjónustu vegna íslenzkra uppfinninga og hugmynda. Mun Iðntæknistofnun meta hugmyndir og hafa milligöngu, en Opfinderkontoret annast gagnaleit og ráðgjöf, annars vegar leiðsögn og fyrirgreiðslu og hins vegar aðstoð við fyrirtæki í leit að framleiðsluhugmyndum. Um áramót 1984/'85 gerðust Íslendingar aðilar að EAN alþjóða stríkamerkjakerfinu á umbúðir og hefur íslenzka EAN nefndin falið Iðntæknistofnun að vera hlutlaus framkvæmdaaðili hér á landi.

Iðntæknistofnun var á árinu 1984 formlega falið að taka við rekstri Verkstjórnarfræðslu, Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins og Námskeiða fyrir stjórnendur vinnuvéla, en þessi starfsemi var áður í tengslum við stofnunina. Stofnuninni var einnig falin samræming á störfum iðnráðgjafa landshlutanna. Forstöðumenn þessara starfsþátta eru starfsmenn Iðntæknistofnunar. Verkstjórnarfræðslan starfar áfram undir sérstakri stjórn, en Fræðslumiðstöð iðnaðarins er sjálfstæð deild innan ITÍ með ráðgjafanefnd.

Langþráður áfangi í starfi Iðntæknistofnunar náðist í maí 1984, er allar deildir hennar sameinuðust undir einu þaki með flutningi Nýiðnaðardeildar og Trefjadeildar úr Kópavogi að Keldnaholti, en áður hafði stofnunin aðsetur á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Hluti nýbyggingar ITÍ á Keldnaholti var tekinn í notkun á árinu. Reiknað er með, að nýbyggingin verði að fullu tekin í notkun fyrri hluta ársins 1985, en samhliða hefur verið unnið að breytingum og endurbótum á eldra húsnæði. Skrifstofuhald færðist einnig í nýttízkulegra form og hófst tölvuvæðing hjá stofnuninni á árinu 1984 með kaupum á fyrstu íslenzku tölvunni, Atlantis.

Í árslok 1984 voru starfsmenn Iðntæknistofnunar 50 og hafði fjölgað um 5 á árinu. Heildarútgjöld urðu 32,1 m.kr., þar af laun og launatengd gjöld 18,5 m.kr. Fjárveiting ríkisins var 19,3 m.kr., en eigin tekjur 15,2 m.kr., eða 47,4% af heildargjöldum. Á árinu 1983 voru heildarútgjöld 24,8 m.kr., en eigin tekjur 9,0 m.kr., sem var 36,3% af heildarútgjöldum. Eftirfarandi rekstraryfirlit sýnir afkomu aðaldeilda.

Rekstrarniðurstaða ársins 1984: (þús.kr.)

	Yfir- <u>stjórn</u>	Iðntækni- <u>þjónusta</u>	Nýiðnaðar- <u>rannsóknir</u>	Samtals
Laun og launatengd gjöld	(4.200)	(11.431)	(2.876)	(18.507)
Rekstrargjöld	(4.615)	(5.195)	(2.419)	(12.229)
Stofnkostnaður	(494)	(321)	(575)	(1.390)
Samtals gjöld	(9.309)	(16.947)	(5.870)	(32.126)
Sértekjur	1.004	10.774	3.466	15.244
Fjárveiting	8.305	7.529	3.420	19.254
Til ráðstöfunar	9.309	18.303	6.886	34.498
Mismunur	0	1.356	1.016	2.372

RAFMAQNSEFTIRLIT RÍKISINS

Rafmagnseftirlit ríkisins starfar eftir lögum nr. 60/1979 og nánari ákvæðum í reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum.

Samkvæmt lögnum skal eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum vera í höndum Rafmagnseftirlits ríkisins. Það skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir undir ráðherra þann, sem fer með orkumál.

Hinn 1. júlí 1933 tók gildi reglugerð um raforkuvirki, sem gefin var út 14. júní 1933 af Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932. Þessi reglugerð var í gildi með breytingum og viðbótum unz reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971 tók gildi 1. júlí 1972. Með gildistöku reglugerðarinnar 1. júlí 1933 hefur að jafnaði verið talið að Rafmagnseftirlit ríkisins hafi verið formlega stofnað.

Í árslok 1984 voru starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins 22 og hafði þá fækkað um brjá á árinu. Meqinhluta ársins 1984 voru þeir 23, þar af gegndi einn starfsmaður sameiginlegum verkefnum hjá ríkisstofnunum að Síðumúla 13. Að auki keypti RER ráðgjafarþjónustu vegna einstakra verkefna, og Orkustofnun annaðist fjármálabókhali eins og undanfari ár.

Verkefni og verkaskipting RER var í meginatriðum eftirfarandi:

Yfirstjórn, reglugerð, erlend samskipti, slysa- og tjónarannsóknir, fræðslumál og skrifstofa	8 starfsmenn
Eftirlit með raforkuvirkjum, þ.e. orkuvirkjunum flutnings- og dreifikerfum neysluveitum og einkastöðvum	8 " "
Raffangaprófun og markaðseftirlit	7 " "

Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins var aflað tekna samkvæmt 1. lið 9. gr. laga nr. 60/1979, þ.e. að raforkuver og rafveitur greiddu 1,2% af heildartekjum af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi, þó að undanskildinni raforkusölu til álverksmiðjunnar í Straumsvík og til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanqa. Að auki voru minni háttar tekjur af sérstökum verkefnum.

Að tilhlutan iðnaðarráðherra var ráðgjafafyrirtækinu Hagvangi h.f. falin úttekt á starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins. Hagvangur h.f. skilaði áfangaskýrslu, þar sem bent var á mismunandi leiðir við rafmagnseftirlit í landinu, en niðurstöður úttektarinnar lágu að öðru leyti ekki fyrir í árslok.

ÚTFLUTNINGSMIÐSTÖÐ IÐNAÐARINS

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins er sjálfstæð stofnun, er starfar samkvæmt lögum nr. 14 frá 1971. Stofnendur voru Félag íslenskra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband íslenskra samvinnufélaga, Iðnaðarráðuneytið og Viðskiptaráðuneytið. Markmið og tilgangur Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er að stuðla að auknum útflutningi íslenskra

iðnaðarvara.

Starfsemi Útflutningsmiðstöðvarinnar hefur verið fjármögnuð með sértekjum stofnunarinnar, fjárveitingu ríkissjóðs og framlagi frá sjóðum iðnaðarins. Í samráði við verkbeiðendur er tekið gjald fyrir þjónustu Útflutningsmiðstöðvarinnar vegna umfangsmeiri verkefna.

Með hækkun iðnlánasjóðsgjalds í 0,25% af aðstöðugjaldsstofni, skv. lögum nr. 55 frá 30. maí 1984 um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, beitti iðnaðarráðherra sér fyrir því að starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins væri markaður fastur tekjustofn, sem er 2/7 hlutar iðnlánasjóðsgjaldsins.

Starfsemi 1984

Á árinu 1984 hefur Útflutningsmiðstöð iðnaðarins átt umfangsmikið samstarf við erlenda ráðgjafa. Ráðinn var sérstakur markaðsráðgjafi til að stýra svokölluðu markaðsátaki á Norðurlöndum. Er hann kostaður til hálfis af Norðurlandaráði og hins vegar af Viðskiptaráðuneytinu og Iðnþróunarsjóði.

Iðnþróunarsjóður og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins standa í sameiningu að verkefni, sem kallast "Exportdiagnoser". Verkefni þetta hefur verið unnið með dönskum ráðgjöfum frá Industriraadet í Kaupmannahöfn og markaðsráðgjafafyrirtækinu AIM í Kaupmannahöfn. Alls hafa ráðgjafarnir frá Industriraadet og AIM nú unnið með 12 iðnfyrirtækjum hérlendis.

Á árinu 1984 skipulagði Útflutningsmiðstöð iðnaðarins þátttöku ýmissa íslenskra fyrirtækja á erlendum vörusýningum. Þannig sá hún um þátttöku íslenskra fyrirtækja á Scandinavian Furniture Fair í Kaupmannahöfn (húsgagnasýning), SIAL (Salon International du L'alimentation, matvælasýning) í París og Catch '84 (sjávarútvegssýning) í Aberdeen, þá var og farin kynningarferð til Finnlands. Útflutningsmiðstöðin hélt námskeið

og hafði starfsmann á Íslenzku sjávarútvegssýningunni í Lauqardalshöll til aðstoðar íslenzku fyrirtækjunum, sem þátt tóku í henni.

Á hverju ári aðstoðar Útflutningsmiðstöð iðnaðarins útlendinga og erlend fyrirtæki við að koma á viðskiptasamböndum við íslenzk fyrirtæki. Þannig aðstoðaði Útflutningsmiðstöðin á síðasta ári hópa frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Shetlandseyjum, Færeyjum, Grænlandi og Noregi.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir. Sérstaklega náið samstarf er við útflutningsráðin á Norðurlöndum. Einnig er rækt gott samstarf við ýmsar félagsstofnanir, svo sem Scandinavian Clothing Council, Nordisk Möbelproducent Raad og International Wool Secretariat.

Stjórn

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skipa Steinar Berg Björnsson, forstjóri, formaður, og Þráinn Þorvaldsson, framkvæmdastjóri tilnefndir af Félagi Íslenzkra iðnrekenda, Árni Þ. Árnason, skrifstofustjóri í Iðnaðarráðuneytinu, Hjörtur Þiríksson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi Íslenzkra samvinnufélaga, Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna, og Sveinn Björnsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af Viðskiptaráðuneytinu. Framkvæmdastjóri árið 1984 var Úlfur Sigurmundsson, sem nú hefur verið ráðinn viðskiptafulltrúi í New York. Í starf framkvæmdastjóra hefur nú verið ráðinn Þráinn Þorvaldsson.

Rekstur 1984

Á árinu 1984 var hafinn undirbúningur að þeirri skipulags- og áhærzlubreytingu stofnunarinnar er kom til framkvæmda á árinu 1985.

Sem að framan getur var á árinu 1984 samþykkt með lögum frá Alþingi að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins fengi viss hlutfall af iðnlánasjóðsgjaldi (2/7 af gjaldinu). Hér er um þáttaskil að ræða því að þetta er í fyrsta skipti á þrettán ára starfstímabili Útflutningsmiðstöðvarinnar að henni er tryggður fastur tekjustofn.

Þessi tekjustofn, sem jafnframt eykur tekjur Útflutningsmiðstöðvarinnar verulega, varð svo til þess að ákveðið var að færa út kvíarnar og opna fleiri skrifstofur erlendis. Þannig hafa nú verið opnaðar tvær skrifstofur erlendis, önnur í Þórshöfn í Færeyjum og hin tók til starfa í New York í maímánuði 1985.

Bókhaldsniðurstöður 1983 og 1984

Rekstrartekjur Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins:

	<u>1983 kr.</u>	<u>1984 kr.</u>
Framlag ríkissjóðs	2.949.780	2.899.000
Framlag Iðnrekstrar- og Iðnlánasjóðs	2.239.809	5.500.000
Framlag Iðnþróunarsjóðs	135.000	
Framlög þátttakenda og seld þjónusta	<u>2.902.335</u>	<u>4.432.573</u>
	<u>8.226.924</u>	<u>12.831.573</u>
Rekstrargjöld	(8.271.873)	(13.256.908)
Fjármagnsgjöld	(250.473)	(89.571)
Haqnaður (Tap)	(295.422)	(514.906)
Eignir	1.231.799	968.598
Skuldir	291.584	306.274
Eigið fé	940.215	662.624

SJÓÐIR

IÐNLÁNASJÓÐUR

Tilgangur

Iðnlánasjóður, sem stofnaður var með lögum nr.12/1935, hefur þann tilgang að styðja íslenskan iðnað með hagkvæmum stofnlánum, og veitir hann stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri.
5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með því, að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa. Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkvæmt 5. gr. laga sjóðsins, skulu að öðru jöfnu hafa forgang til lána úr sjóðnum.

Vöruþróunar- og markaðsdeild

Með lögum nr. 55 frá 30. maí 1984, um breyting á lögum nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, var stofnuð sérstök deild hjá Iðnlánasjóði, vöruþróunar- og markaðsdeild. Sú deild tók við rekstri Iðnrekstrarsjóðs, en hann var lagður niður hinn 1. júlí 1984 með þeim sömu lögum.

Hlutverk vöruþróunar- og markaðsdeildar er eftirfarandi:

- að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins,
- að örva nýsköpun,
- að auka útflutning iðnaðarvara.

Hlutverk sitt skal vöruþróunar- og markaðsdeild rækja m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Lánnum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánnum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði.
4. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.
5. Veitingu ábyrgða á lánum hjá bönkum og sparisjóðum.

Seinni hluta árs 1984 var starfsemi nýju deildarinnar í láqmarki, vegna þess að nýir tekjustofnar koma ekki til framkvæmda fyrir en 1985.

Eftirspurn og lánveitingar

Árið 1984 þárust sjóðnum 365 umsóknir í stað 342 umsókna 1983 eða 7% fleiri. Lánsbeiðnir í krónum talið jukust hins vegar verulega fjórða árið í röð, eða um 50%, og námu 739.1 m.kr. í stað 492.3 m.kr. árið áður. Ráðstöfunarfé sjóðsins jókst hins vegar meir en eftirspurnin á árinu 1984. Munar þar mestu um auknar heimildir til lántöku, en þær tvöfölduðust á árinu. Eins jókst eigið ráðstöfunarfé sjóðsins um 56%.

Vegna mikillar eftirspurnar á síðustu mánuðum ársins 1983 hafði sjóðsstjórn ekki tekið afstöðu til lánsbeiðna er námu 242.1 m.kr. um áramótin 1983/'84, þannig að aukning ráðstöfunarfjár á milli ára nýttist ekki sem skyldi. Þegar svo miklar sveiflur eru á eftirspurn eftir lánum til sjóðsins eins og raun ber vitni skapast eðlilega misvægi milli ára.

Fjöldi afgreiddra lána 1984 var 276 en 330 árið áður. Árið 1984 voru afgreidd lán að fjárhæð 352,5 m.kr. á móti 214,9 m.kr. árið áður. Nemur aukningin 64%.

Lántökur sjóðsins

Síðvaxandi hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins eru nýjar lántökur, og er nú svo komið að um 75% af ráðstöfunarfé sjóðsins 1984 voru ný lán.

Þau skiptust þannig:

Lán bundin lánskjaravísitölu með vöxtum 7,25% m.kr.	82
Lán háð gengi bandaríkjadollars með 1% yfir millibankavöxtum, sem voru 9,5% þegar lánið var tekið	m.kr. 100
Lán háð gengi japansks yens með 1,375% vöxtum yfir skammtíma vöxtum á japönskum yenum	<u>m.kr. 118</u>
Samtals	m.kr. 300

Lánskjör sjóðsins

Útlánsvextir sjóðsins voru hækkaðir hinn 15. júní 1984. Vextir byggingalána voru hækkaðir úr 5% í 6% en vextir vélalána úr 4,5% í 5,5%. Gilti vaxtahækkunin einnig fyrir útistandandi lán. Báðir lánaflókkar sjóðsins eru bundnir lánskjaravísitölu að fullu og lántöku gjald er 1%.

Lántaki veður sjálfur lengd lánstíma, en hámarkslánstími byggingarlána er 15 ár en vélalána 7 ár. Lánin eru endurgreidd með jöfnun greiðslum og er gefinn kostur á einni eða tveim endurgreiðslum á ári.

Rekstur og efnahaður

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	1984	1983
	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>
Rekstrartekjur	349.980	533.216
Rekstrargjöld	(423.882)	(532.098)
Hagnaður (Tap)	(73.902)	1.118
Eignir	1.759.896	1.224.916
Skuldir	1.349.974	868.286
Eigið fé	409.923	356.630

Við uppgjör sjóðsins var beitt sömu reikningsskilaaðferðum og fyrir árið 1983. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af útlánum og teknum lánum eru færð í ársreikninginn. Gengistryggð lán eru uppfærð á gengi 31. desember 1984. Einnig er færð til gjalda í rekstrarreikningi reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga þar sem peningalegar eignir sjóðsins voru umfram skuldir. Nam sú færsla 70.981 þús.kr.

Innborgað iðnlánasjóðsgjald var á árinu 1984 1.800 þús.kr., en hafði verið á árinu 1983 14.400 þús.kr. Ljóst er að samanburður á milli ára er erfiður vegna þeirrar röskunar, sem varð er iðnlánasjóðsgjaldið var lækkað árið 1983 úr 0,5% í 0,05% af aðstöðugjaldsstofni.

Framlag ríkissjóðs var fellt niður árið 1984, en var 626 þús.kr. árið áður.

Með lögum nr. 55 frá 30. maí 1984 var iðnlánasjóðsgjald hækkað úr 0,05% í 0,25% af aðstöðugjaldsstofni og skal hækkun gjaldsins koma til framkvæmda á árinu 1985 á gjaldstofn ársins 1984. Þá eru fyrirmæli um að þau ákvæði laganna, sem varða fjárhæð og ráðstöfun iðnlánasjóðsgjaldsins, skuli tekin til

endurskoðunar fyrir árslok 1988.

Framleiðslugjald af áli var 2.472 þús.kr. árið 1984 í stað 1.504 þús.kr. árið áður eða hækkun um 64%.

Rekstrarkostnaður Iðnlánasjóðs varð 9.303 þús.kr. 1984 á móti 6.011 þús.kr. árið áður.

Framlög til hafrannsóknna námu 660 þús.kr. 1984 í stað 1.442 þús.kr. árið áður.

Heimilt er skv. lögum sjóðsins að verja allt að 10% af iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hafrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, er stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Ráðstafar stjórn sjóðsins framlögum þessum í samráði við stjórnir Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna.

Starfsaðstaða og stjórn

Iðnlánasjóður er lögum skv. í umsjón Iðnaðarbanka Íslands h.f., og hefur sjóðurinn aðsetur í húsnæði bankans, Lækjargötu 12, Reykjavík.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. júní 1983, voru eftirfarandi skipaðir í stjórnina til næstu fjögurra ára:
Jón Magnússon, hdl., formaður, skipaður án tilnefningar, Gunnar S. Björnsson, húsasmíðameistari, skv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, og Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri, skv. tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda.

Bankastjórar Iðnaðarbankans eru framkvæmdastjórar sjóðsins, en samkvæmt verkaskiptingu bankastjóranna annast Bragi Hannesson, bankastjóri, daglega framkvæmdastjórn sjóðsins. Skrifstofustjóri sjóðsins er Gísli Benediktsson, viðskiptafræðingur.

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Iðnþróunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970, á grundvelli sérstaks samnings milli ríkisstjórna Norðurlanda. Stofnfé sjóðsins nam jafnvirði 14 milljóna US\$. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild landsins að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og leggja áherzlu á aukið samstarf á sviði iðnaðar og viðskipta á milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Stjórn og framkvæmdastjórn

Samkvæmt lögum Iðnþróunarsjóðs hefur sjóðurinn sérstaka stjórn og framkvæmdastjórn. Stjórnin er skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum, einum frá hverju landi.

Iðnaðarráðherra Íslands skipar fulltrúa Íslands í sjóðinn til þriggja ára, svo og einn varamann. Skipaðir til þriggja ára frá 12. marz 1982 að telja:

Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalmaður, og Ingi R. Helgason, forstjóri, varamaður.

Í framkvæmdastjórninni eiga seti fjórir fulltrúar íslenskra viðskiptabanka, einn fulltrúi Iðnlánasjóðs og framkvæmdastjóri sjóðsins.

Lánakjör

Samkvæmt lögum sjóðsins eru lán hans að fullu gengistryggð og miðuð við Bankaríkjadollar.

Útlánsvextir höfðu verið óbreyttir frá 1. nóvember 1983, eða 10,5%, en voru hækkaðir í 11,5% frá 1. október 1984.

Starfsemin

Á árinu 1984 voru til afgreiðslu 84 umsóknir um fjárfestingarlán, að upphæð 554 m.kr., borið saman við 56 umsóknir að upphæð 203 m.kr. árið 1983.

Samþykkt voru 59 lán að upphæð 304 m.kr.

Lög sjóðsins gera ráð fyrir því að ráðstafa megi ákveðnum hluta af fjármagni hans með sérstökum kjörum. Lán þessi eru óverðtrygð. Vextir af lánum þessum voru 23% í lok ársins. Veitt eru lán til vel skilgreindra verkefna, sem miða að þróun efna og afurða er stuðla að nýsköpun í iðnaðarframleiðslu, og til erlendra markaðsöflunar. Ef um er að ræða verkefni, sem mikil áhætta fylgir, getur framkvæmdastjórn sjóðsins breytt lánum í styrk, leiði verkefnið ekki til arðbærrar framleiðslu.

Samþykkt voru 10 áhættulán að upphæð 7,4 m.kr., borið saman við 12 lán að upphæð 4,6 m.kr. árið 1983. Á árinu voru samþykktir 16 styrkir að upphæð samtals 10.029 þús.kr. Stærstum hluta styrkveitinga á árinu 1984 var varið til útflutningsmála. Í samstarfi við útflutningsmiðstöð iðnaðarins var unnið að svonefndu útflutningsverkefni. Markmið þess var að leiðbeina fyrirtækjum við skipulagningu og starfsaðferðir við sókn á erlenda markaði. Að verkefninu unnu erlendir ráðgjafar og starfsmenn útflutningsmiðstöðvarinnar, og nutu þeir í því sambandi sérstakrar þjálfunar. Greiddur styrkur vegna verkefnisins nam 3,0 m.kr.

Samþykktur var styrkur til greiðslu hluta af kostnaði við staðsetningu markaðsfulltrúa í New York, að upphæð 3.000 þús.kr. Þá var samþykktur styrkur að upphæð jafnvirði 300 þús. norskra króna til sérstaks átaks á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs til að efla útflutning iðnaðarværa til annarra norræna landa.

Á árinu fór fram athugun skoðkra sérfræðinga á

rafeindaiðnaði hér á landi, í samstarfi við Félag íslenskra iðnrekenda.

Útborgaðir styrkir á árinu námu 4.981 þús.kr.

Endurgreiðsla stofnfjár

Í stofnsamningi Iðnþróunarsjóðs segir, að frá 10. ári skuli, eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum stofnframlög Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, að upphæð 13,5 millj.USD. Endurgreiðsla stofnfjár á árinu nam 340 þús. USD. Námu heildarendurgreiðslur stofnfjár í árslok 1.060 þús.USD.

Lántökur

Í september 1984 var undirritaður samningur við Norræna fjárfestingarbankann um lán að jafnvirði 13 milljónir norskra króna. Lánið var tekið í USD, reikningseiningu sjóðsins, og kom til útborgunar á árinu. Heildarlán sjóðsins við árslok 1984 námu 238 m.kr.

Starfsaðstaða

Samkvæmt ákvæðum laga um Iðnþróunarsjóð veitir Seðlabanki Íslands sjóðnum nauðsynlega starfsaðstöðu og er aðsetur sjóðsins í húsnæði Seðlabanka Íslands. Veitir bankinn sjóðnum ýmiss konar þjónustu, svo sem við innheimtu lána, lögfræðiaðstoð o.fl. Fastir starfsmenn sjóðsins eru, auk framkvæmdastjóra, tveir fulltrúar og einn ritari.

Rekstur og efnahagur

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöður rekstrar- og efnahagsreikninga árin 1983 og 1984 í þús.kr:

	1984	1983
	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>
Fjármunatekjur	531.658	459.110
Fjármagnsgjöld	(429.042)	(383.115)
Rekstrarkostnaður	(7.058)	(4.592)
Greiddir styrkir	(4.982)	(3.313)
Hagnaður (Tap)	90.576	68.090
Eignir	1.554.606	1.014.839
Skuldir	773.841	526.728
Eigið fé	789.766	488.111

Meðal skulda er talið óendurgreitt stofnfé, sem nam 381.269 þús.kr. í árslok 1983 og 525.364 þús.kr. í árslok 1984. Engir vextir greiðast af stofnfé sjóðsins, en endurgreiðslu þess lýkur 1995.

Horfur 1985

Áætlað er að ráðstöfunarfé sjóðsins til lán- og styrkveitinga árið 1985 verði um 320 m.kr. Ráðgert er að heimildir til lántöku á árinu nemi 50 m.kr.

Áætlað er því að eiginfjármögnun útlána verði um 280 m.kr. Umsótt lán í lok marz árið 1985 voru um 164 m.kr.

Iðnaðarráðherra hefur nýverið laqt fram frumvarp um breytingar á lögum sjóðsins, þar sem gert er ráð fyrir að verksemi hans verði víkkað og sjóðurinn geti tekið þátt í fjármögnun arðvænlegra framkvæmda. Lánskjör verði sveigjanlegri og auknir verði möguleikar sjóðsins í þátttöku í áhættufjármögnun.

Útlán í árslok 1984 - skipt á iðngreinar

	<u>Millj.kr.</u>	<u>%</u>
Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	183	13,4
Vefjaiðnaður og þrjónaiðnaður	270	19,8
Fatagerð	60	4,4
Húsg.- og innréttingaiðnaður	161	11,9
Pappírs- og prentiðnaður	112	8,2
Skinna- og leðuriðnaður	19	1,4
Efnaiðnaður	140	10,3
Steinefnaiðnaður	125	9,2
Málmiðnaður	143	10,5
Raftækjaiðnaður	25	1,8
Smíði flutningstækja	28	2,1
Plastiðnaður	66	4,9
Ýmis iðnaður	30	2,2
Samtals	<u>1.362</u>	<u>100,0</u>

YFIRLIT YFIR AFGREIÐSLU LÁNSUMSÓKNA 1984 (þús.kr.)

I D N G R E I N	Óafgreitt frá 1983	Innkommar umsóknir 1984	Til afgreiðslu 1984		Samþykkt lán 1984		Synjað/dregið til baka vísað frá 1984		Óafgreitt 31.12 1984				
			fj.	upph.	fj.	upph.	fj.	upph.		fj.	upph.		
1.	Matvæla- og drykkjav.iðn.	10	70.052	11	76.052	6	36.200	1	3.000	4	28.500		
2.	Vefjar- og þrjónaiðnaður	6	87.755	6	87.755	4	42.700	1	140	1	12.235		
3.	Fataiðnaður	5	18.426	5	18.426	3	5.020	-	-	2	13.400		
4.	Húsq.- og innrétt.iðn.	6	18.781	8	40.131	4	31.338	1	350	3	25.300		
5.	Pappírs- og prentiðnaður	7	26.216	8	41.216	6	29.600	1	6.500	1	7.550		
6.	Skinna- og leðuriðnaður	1	-	1	800	1	800	-	-	-	-		
7.	Efnaíðnaður	13	44.360	4	51.360	3	37.000	1	14.160	-	-		
8.	Steinefnaíðnaður	18	44.300	9	64.300	8	54.265	-	-	1	10.000		
9.	Málmiðnaður	16	73.060	7	117.060	4	32.800	2	40.670	1	32.000		
10.	Raftekja- og rafeindaíðn.	2	2.285	2	2.285	1	900	-	-	1	1.000		
11.	Skipasmíðar og viðg.	2	5.150	2	5.150	2	4.300	-	-	-	-		
12.	Plástiðnaður	17	21.440	8	21.740	7	15.954	1	4.600	-	-		
13.	Ýmiss iðnaður	13	27.355	13	27.355	10	12.780	3	12.780	-	-		
SAMTALS		9	109.450	75	444.180	84	553.630	59	303.657	11	82.200	14	129.985

ÞRÓUNARSJÓÐUR LAGMETISIÐNAÐARINS

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum frá 26. maí 1972 og starfar nú eftir endurnýjuðum lögum nr. 58 frá 1981 og reglugerð nr. 175/1985. Hlutverk sjóðsins er að efla lagmetisiðnaðinn m.a. með því að stuðla að tæknilegri upbyggingu, þróun vinnsluaðferða og markaðsöflun erlendis með lánum og styrkjum.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur sérstaka stjórn sem fer með málefni sjóðsins, skipuð til tveggja ára í senn, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Iðnaðarráðherra skipar formann án tilnefningar og fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Sölustofnunar lagmetis, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af ábendingu SÍF.

Í nýrri stjórn, sem skipuð var frá 1. apríl 1984 til tveggja ára, eiga þessir menn sæti:
Heimir Hannesson, formaður, Ingjaldur Hannibalsson, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, Rögnvaldur Einarsson, Theódór S. Halldórsson. Ritari sjóðsins er Guðrún B. Sigurðardóttir.

Sölustofnun lagmetis er þjónustuaðili sjóðsins en peningaeign sjóðsins er varðveitt í Iðnaðarbanka Íslands.

Rekstur 1984

Helztu niðurstöður úr rekstri Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á árinu 1984 eru sem hér segir:

Tekjur voru:

1% af útfluttu lagmeti	(72% af heildartekjum Þróunarsjóðs)
3% af söltuðu matarhrognum	(20% " " ")
3% af frystum þroskhrognum	(8% " " ")

Heildartekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins voru kr.

7.377.730 en þegar frá hafa verið dregin gjöld öll ásamt styrkjum og lánum varð rekstrarafgangur 4,5 milljónir króna.

Á árinu voru veitt lán til verksmíðja að upphæð kr. 2.715.000 og styrkir voru veittir til uppbyggingar í verksmíðjum og til markaðsmála að upphæð kr. 4,2 milljónir.

Helztu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984 eru:

	<u>1984 kr.</u>	<u>1983 kr.</u>
Tekjur	7.377.730	5.792.232
Rekstrargjöld	(4.435.626)	(2.300.632)
Fjármagnstekjur	1.603.613	2.944.892
Hagnaður (Tap)	4.545.717	6.436.492
Skuldir	698.891	254.286
Eignir	23.643.798	16.216.297
Eigið fé	22.944.907	15.962.011

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 58/1967, orkulögum, X. kafla, með síðari breytingum. Hann tók við starfsemi Raforkusjóðs og Jarðhitasjóðs og yfirtók eignir þeirra og skuldbindingar. Sjóðurinn er eign ríkissjóðs. Hann lýtur stjórn Orkuráðs undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Samkvæmt lögum veitir sjóðurinn lán til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins og annarra rafmagnsveitna til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum, til bændu til að koma upp vatnsaflsstöðvum og mótorrafstöðvum. Þá veitir sjóðurinn lán til opinberra aðila, félaga og einstaklinga til að leita að og afla jarðvarma. Sjóðurinn veitir Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum rafveitum styrki til að koma upp veitum í dreifbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir, að veiturnar geti ekki borið sig án sérstakra óafturkræfra framlaga. Lán og styrkir eru veittir af

lánnum, sem sjóðurinn tekur, eða framlögum, sem hann fær.

Rekstur

Á árinu 1984 fékk sjóðurinn framlög úr ríkissjóði að fjárhæð 211,2 m.kr. Verðjöfnunargjald var 381,2 m.kr. Lántökur Orkusjóðs á árinu námu 202,7 m.kr. en lánveitingar urðu alls 222,2 m.kr.

Niðurstöður á rekstrar- og efnahagsreikningum sjóðsins 1984 (bráðabirgðatölur) og 1983 eru sem hér segir:

	1984	1983
	<u>m.kr.</u>	<u>m.kr.</u>
Tekjur	1.074,8	741,3
Gjöld	(908,2)	(650,1)
Eignir	4.744,5	3.649,3
Skuldir	5.122,4	4.051,3
Eigið fé	(377,6)	(402,0)

Við samanburð tekna og gjalda er rétt að hafa í huga, að styrkveitingar úr sjóðnum eru taldar með gjöldum á rekstrarreikningi og með tekjum eru talin framlög úr ríkissjóði, þ.á.m. framlög til endurgreiðslu lána. Sé hvort tveggja dregið út úr rekstrarreikningi, styrkveitingar og framlög ríkissjóðs, verður tekjuafgangur 1983 27,1 m.kr. en halli 6,0 m.kr. árið 1984.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs til einstakra verkefna var á árunum 1983 og 1984 sem hér segir:

	1984	1983
	<u>m.kr.</u>	<u>m.kr.</u>
1. Greitt verðjöfnunargjald	381,00	283,00
2. Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum	33,00	27,00
3. Jarðhitaleitarlán	15,00	15,00
4. Hitaveitulán	10,00	7,50
5. Styrkveitingar til rafvæðingar sveita	14,50	20,50
6. Lánveitingar til einkarafstöðva í sveitum	1,00	1,00
7. Greiddir vextir, vísitöluálag og afb.	1100,90	777,87
8. Reksturskostnaður Orkusjóðs	0,55	0,40
9. Styrkur til Hólsfjallabæja v. raforkuframleiðslu	1,75	0,70
Samtals	<u>1557,60</u>	<u>1132,97</u>

Fé það sem Orkusjóður hafði til ráðstöfunar á árunum 1983 og 1984 var fenqid sem hér segir:

	1984	1983
	<u>m.kr.</u>	<u>m.kr.</u>
1. Framlög úr ríkissjóði:		
a) verðjöfnunargjald	381,00	283,00
b) önnur framlög	218,80	117,41
2. Lántökur	27,00	30,50
3. Innheimtir vextir, vísitöluálag og afborðanir	930,80	702,06
Samtals	<u>1557,60</u>	<u>1132,97</u>

Stjórn

Orkuráð hefur á hendi stjórn Orkusjóðs undir yfirstjórn ráðherra sem fer með raforkumál. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn.

Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna.

Stjórn Orkuráðs skipa frá 1. júlí 1983:

Þorvaldur G. Kristjánsson, alþingismaður, formaður, Daníel
Ágústínusson, aðalbókari, Aage Steinsson, deildarstjóri,
Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri, Inqólfur Árnason,
rafveitustjóri. Ritari er Páll Hafstað. Fundi ráðsins sitja auk
þess: Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, og Jakob Björnsson,
orkumálastjóri.